

**ÁRSSKÝRSLA  
2020-2021**

**ANNUAL REPORT  
2020-2021**



Ársskýrsla Eflingar-stéttarfélags 2020-2021

Ritstjórar Herdís Steinarsdóttir og Rakel Pálsdóttir

Ábm.: Sólveig Anna Jónsdóttir

Umbrot og hönnun: Þorfinnur Sigurgeirsson

Ljósmyndir: Þórdís Erla Ágústsdóttir, Benjamín Julian, Héraðsskjalasafn Árnesinga

Prentun: Litlaprent ehf.

Skýrsla stjórnar Eflingar-stéttarfélags er unnin að miklu leyti upp úr heimildum og gögnum félagsins, m.a. fundargerðum stjórnar Eflingar, gögnum tengdum kjarasamningum félagsins og heimildum frá stjórnum sjóða félagsins. Þá er stuðst við frásagnir og umfjöllun um félagið í tímaritum Eflingar og á heimasíðu.

Efling-trade union Annual Report 2020-2021

Editors: Herdís Steinarsdóttir og Rakel Pálsdóttir

Guarantor: Sólveig Anna Jónsdóttir

Design and layout: Þorfinnur Sigurgeirsson

Photographs: Þórdís Erla Ágústsdóttir, Benjamín Julian, Héraðsskjalasafn Árnesinga

Printing: Litlaprent ehf.

The report of the Efling board relies mainly on the union for sources and data, e.g. minutes of board meetings, data related to collective agreements and sources from the boards of union funds. Reports in the Efling newsheet and on the union's home page are also used.



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp formanns Eflingar.....	2
Starf stjórnar Eflingar 2020-2021 .....	4
Skrifstofa formanns .....	7
Þjónustusvið .....	11
Kjaramálasvið .....	16
Félags- og þróunarsvið.....	19
Mannauðs- og skrifstofusvið .....	22
Rekstrarsvið.....	23
Gildi lífeyrissjóður.....	25
Menning .....	27
Fjárhagur Eflingar.....	29
Samstæðuársreikningur .....	31
Stjórn og stjórnir sjóða Eflingar-stéttarfélags .....	50



## ÁVARP FORMANNS EFLINGAR

Kæru félagar.

Lykilinn að efnahagslegu réttlæti fyrir félagsfólk Eflingar er vitneskjan um þá staðreynnd að án okkar stoppar allt. Án okkar er neysluvarningur ekki framleiddur í verksmiðjum. Án okkar fá ferðamenn ekki þjónustu á hótelum. Án okkar er hvorki hægt að reka veitingastaði né bari. Án okkar eru hús ekki byggð og vegir ekki lagðir. Svona mætti lengi telja; án okkar er ekki hægt að starfrækja undirstöður allrar verðmætasköpunar samfélagsins, umönnunarkerfin þar sem barna er gætt og gamalt fólk annast svo að vinnufært fólk geti „snúið hjólum atvinnulífsins“.

Samt er það svo að þegar við segjum frá aðstæðum okkar eða félaga okkar er okkur mætt með orðagjálfri, áhugaleysi eða jafnvél hótunum. Blákaldar staðreyndir úr tilveru félagsfólks Eflingar virðast ekki ná að komast í gegnum þann mún hroka og kaldlyndis sem valdastéttin hefur reist í kringum sig. Staðreyndir líkt og sú að 54% félagsfólks Eflingar hefur þurft að neita sér um heilbrigðiþjónustu og aðeins helmingur félagsfólks býr í eigin húsnæði framkalla ekki loforðaflaum um

aðgerðir frá valdastéttinni. Nei, tilætlunarsemi þeirra sem sjálf skapa engin verðmæti en njóta alls hins besta sem samfélagið hefur upp á að bjóða á meðan vinnuaflíð sem skapar verðmætin á að sætta sig við aðstæður sem oft á tíðum erum óásættanlegar virðast engin takmörk sett. Okkur er þetta öllum ljóst eftir það Covid-ár sem liðið er.

Í stað þess að fara í atvinnusköpun við innviðauppbryggingu, til dæmis stórátak við uppbyggingu húsnæðis fyrir vinnandi fólk á höfuðborgarsvæðinu, snerust aðgerðir stjórnvalda fyrst og fremst um að tryggja að auðstéttin þyfti engar byrðar að bera. Og gott betur en það; tugum milljarða var dælt til fyrirtækja og eignafólks, og kaupendum hlutabréfa veittur sérstakur skattafsláttur. Á sama tíma þurfti hreyfing vinnandi fólkis að berjast hatrammlega annars vegar fyrir því að atvinnuleysisbætur yrðu hækkaðar og hins vegar fyrir því að kjarasamningsbundar hækkanir myndu standa. Síðan skammarlega atburðarrás þegar forystufólk Samtaka atvinnulífsins reyndi að hafa af láglauðafólki umsamdar hækkanir og standa í vegi fyrir hækkuun atvinnuleysisbóta verður lengi í minnum höfð.

Í inngangi að ársslkýrslu síðasta árs sagði ég m.a. þetta: „Við þurfum líka að berjast af hörku til að halda í það sem okkur hefur tekist að vinna og koma í veg fyrir að það sé hrifsað af okkur.“ Og það er nákvæmlega það sem átt hefur sér stað á síðasta ári. Ég treysti mér til að fullyrða að afdráttarlaus andstaða stjórnar Eflingar við að látið yrði undan ofríkistilburðum SA var lykilatriði í því að kjarasamningar héldu og hækkanirnar voru ekki hafðar af okkur.

Hvert og eitt okkar má sín ekki mikils gegn hagsmunahópunum sem telja sig eiga Ísland og forhertum talsmönnum þeirra. En í krafti samstöðunnar erum við máttug. Þess vegna er aðild okkar að verkalýðsfélagi óendenlega mikilvæg. Félagið tryggir ekki aðeins aðgang að réttindum úr sjúkrasjóði eða aðgang að sumarbústað, liðsinni við að endurheimta stolin laun og þjónustu lögmánnar þegar brot eru framin. Það mikilvægasta sem aðild að verkalýðsfélagini okkar tryggir er kraftur fjöldans þegar kemur að því að semja um laun, þegar kemur að því að senda stjórnvöldum skilaði um hver vilji okkar sé. Þetta er så kraftur sem við í Eflingu erum að læra að beita eftir áratuga undanhald og hrörnun íslenskrar stéttabaráttu.

Við höfum náð árangri en erum þó rétt að byrja. Og stéttabaráttan er og verður erfið vegna þess að íslenskt samfélag er skipulagt til að þjóna hagsmunum hinna ríku. En með því að nota verkalýðsfélagið okkar og þann gríðarmikla kraft sem býr í fjöldasamstöðunni getum við sagt sjúkri tilætlunarsemi hagsmunaaflanna

stríð á hendur. Því það erum sannarlega ekki við sem erum veruleikafirrt og úr tengslum við raunveruleikann. Nei, veruleikafirringin tilheyrir forréttindastéttinni; verka- og láglauanafólk á engra annarra kosta völ en að standa með báða fætur tryggilega á jörðinni einmitt vegna þess efnislega veruleika sem við lifum og störfum í.

Kæru félagar. Á hverjum degi tökumst við á við fjölda áskorana, þær sem fylgia því að vinna líkamlega og andlega erfiðisvinnu á lágum launum í einu dýrasta landi heims, og svo þær miklu áskoranir sem aðeins þau sem lifa við atvinnuleysið þekkja. En einmitt vegna þess að við vitum að tilveran er ekki auðveld getum við fundið kraftinn til að bjóða ofríki valdastéttarinnar byrginn og skora skeyingarleysið á hólmi. Til þess þurfum við að vera samhent og kunnáttusamleg, staðfost og djörf. Og eftir að hafa kynnst og starfað með miklum fjölda félagsfólks Eflingar á vettvangi baráttunnar veit ég að við erum þetta allt og miklu meira til.

Lykilinn að efnahagslegu réttlæti fyrir félagsfólk Eflingar er vitneskjan um þá staðreynd að án okkar stoppar allt. Þetta vita hin valdamiklu og þess vegna óttast þau okkur. En vegna þess að við erum ómissandi að öllu leyti munum við sigra í baráttunni fyrir betra lífi. Það er ég sannfærð um.

*Sólveig Anna Jónsdóttir  
formaður Eflingar-stéttarfélags*



## STARF STJÓRNAR EFLINGAR 2020-2021

### ÖFLUG FORYSTA Í FARARBRODDI

Stjórn Eflingar var kjölfestan í félagslegu starfi Eflingar á starfsárinu 2020-2021 og kom auk þess að stærstu ákvörðunum í rekstrarmálum félagsins. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir annan hvern fimmtudag klukkan 13:00 fyrir utan sumartímann. Formaður stýrði fundum, yfirleitt í samræmi við áður útgefna fundardagskrá, og voru fundargerðir ritaðar af starfsmanni og jafnan samþykktar af stjórn á næsta fundi. Líkt og verið hefur síðan árið 2018 eru stjórnarfundir texatúlkaðir á ensku og fundargerðir þýddar á ensku.

Í febrúar og mars 2020 nam kórónuveiran land og hafði fljóttlega mikil áhrif á starf stjórnar. Frá og með 26. mars voru stjórnarfundir haldnir í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom og gekk stjórnarmönnum vel að venja sig við þessa breytingu. Þegar slakað var á samkomutakmörkunum síðla vors 2020 var hist á staðfundum en um haustið var aftur tekið að hittast eingöngu á fjarfundum og hafa fundir verið á Zoom síðan þá.

Hlé var gert á starfi stjórnar að venju yfir sumartímann og ekkert fundað milli 18. júní 2020 og fram í

ágúst. Starf stjórnar haustið 2020 hófst með krafti. Mikil umræða hófst þá um hvernig væri hægt að efla starf trúnaðarráðs. Ræddi og samþykkti stjórn tillögur þar að lítandi. Nýtt skipulag á starfi trúnaðarráðs var í kjölfarið keyrt allan veturinn, þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi verið að aflýsa einum trúnaðarráðsfundi í september sökum kórónuveirubylgjunnar sem þá hafði brostið á.

Samtals voru haldnir 25 formlegir stjórnarfundir á árinu 2020, til viðbótar við fundi í sjóðsstjórnnum, aðalfund, starfsdag og sex trúnaðarráðsfundi sem stjórnarmenn sóttu einnig. Þessi fjöldi funda er til marks um dugnað og helgun stjórnarmanna, sem sinna skyldum sínum við Eflingu meðfram vinnu og öðrum skyldum.

### KJARAMÁL, BARÁTTA OG STEFNUMÓTUN

Í upphafi ársins 2020 og fram á vor voru kjaraviðræður og verkfallsaðgerðir gagnvart Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga reglulegt umræðuefni á fundum stjórnar. Formaður Eflingar var formaður í

samninganefndum félagsmanna í þessum viðræðum og jafnframt hefur verið skörun milli stjórnar Eflingar og samninganefndanna. Stjórn fjallaði um gang viðræðna, skipulag aðgerða og þau tilboð sem lögð voru fram. Auk þess var reglulega reðt um gang vinnu við miðlægt samkomulag um styttingu vinnuvikunnar hjá hinu opinbera. Þar gegndi Ragnar Ólason, aðstoðarframkvæmdarstjóri Eflingar, lykilhlutverki og kynnti hann þessa vinnu fyrir stjórn.

Frá því í upphafi árs 2020 fjallaði stjórn endurtekið um baráttu félagsins gegn launajófnaði og fyrir lagaákvæði um féviti. Stjórnin samþykkti að farið yrði í auglýsingaherferð vegna málsins og var upplýst um þá nýlundi að birta ársfjórðungsskýrslur Kjaramálasviðs. Jafnframt fékk hún fregnir frá formanni um gang vinnu á vegum ASÍ við lagasetningu á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Hugmyndin um ráðstefnuna *Mannamunur á vinnumarkaði* um stöðu erlends vinnuafsls, þar sem brotastarfsemi á vinnumarkaði var til umfjöllunar, var kynnt fyrir stjórn í september 2020 en ráðstefnan var þó ekki haldin fyrr en vorið 2021 vegna sóttvarnarráðstafana.

Laugardaginn 6. júní var starfsdagur stjórnar haldinn en slíkir starfsdagar hafa gagnast stjórn vel til umræðu um stefnumótun félagsins í víðara samhengi. Á starfdeginum voru erindi frá Drífu Snædal, forseta ASÍ, um stefnuskjal ASÍ *Réttá leiðin*, Stefáni Ólafssyni um lífeyrismál, Kristni Má Ársælssyni, félagsfræðingi, um framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar og Viðari Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Eflingar, um kjaraþáttu komandi ára.

Endurskoðun Lífskjarasamninganna var efst á baugi í samfélaginu í september 2020. Tók stjórn Eflingar einarða afstöðu gegn málflutningi Samtaka atvinnuþífsins um nauðsyn þess að segja samningunum upp til þess að ógna launahækjunum hinna lægst launuðu. Var þessi afstaða áréttuð á fundi stjórnar 25. september og birt tilkynning þar um. SA varð á endanum ekki kápan úr því klæðinu að hafa launahækkanir Lífskjarasamningsins af Eflingarfólk.

Covid-19 faraldurinn og afleiðingar hans fyrir launafólk voru reglulegt umræðuefni stjórnar. Stjórn ályktaði fyrst þann 6. apríl um faraldurinn og nauðsyn þess að verja hagsmuni láglaugunafólks vegna sóttvarnaraðgerða. Stjórnin ályktaði aftur þann 22. apríl um aðgerðapakka stjórnvalda og enn aftur þann 18. júní um kórónuveiruna. Skýrslan *Leið Eflingar út úr kreppumi* þar sem lagðar voru til aðgerðir vegna kórónuveirukreppunnar var kynnt og samþykkt í stjórn 12. nóvember.

Könnun Eflingar á stöðu félagsmanna vegna faraldursins var kynnt fyrir stjórn á fundi 7. maí. Voríð 2021 fékk stjórnin kynningu á niðurstöðum könnunar á vegum Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, um sama efni. Óhætt er því að segja að stjórnin hafi fylgst ítarlega með stöðu félagsfólks í faraldrinum.

Á stjórnarfundi 20. maí var ályktað um kjaradeilu Icelandair og Flugfreyjuþélags Íslands sem þá var í hámaði, til stuðnings FFÍ og gegn fram göngu Icelandair. Aftur var ályktað vegna Icelandair málsins 17. september og gagnrýndi stjórn þá þátttöku ASÍ í yfirlýsingu ásamt SA og Icelandair þar sem brot þeirra síðarnefndu voru hvítpvegin.

## FÉLAGSMÁL

Stjórn var að venju kjörin að vori og ýmsar aðrar stjórnir og nefndir einnig skipaðar. Listi uppstillingarnefndar með tillögu um stjórnarmenn í aðdraganda aðalfundar 2020 kom fram í febrúar. Úr hópi þeirra sem áður höfðu setið í stjórn voru Daníel Örn Arnarsson, varaborgarfulltrúi, Guðmundur J. Baldursson, bílstjóri og Kolbrún Valvesdóttir, starfsmaður búsetuþjónustu Reykjavíkurborgar auk Sólveigar Önnu Jónsdóttur, formanns. Ný á listanum voru þau Eva Ágústsdóttir, starfsmaður á veitingahúsi, Michael Bragi Whalley, leiksólastarfsmaður hjá Reykjavíkurborg, Innocentia Fati, mótneytisstarfsmaður hjá Landspítalanum og Felix Kofi Adjahoe, hjá Eimskip og Dögum. Kjör þeirra var staðfest á aðalfundi 2020 og þeirra fyrsti stjórnarfundur var 4. júní. Á aðalfundi 2020 voru einnig skipaðir skoðunarmenn reikninga og nýir fulltrúar í stjórnir fræðslusjóðs, sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og vinnudeilusjóðs.

Uppstillingarnefnd sinnti sínum lögbundnu verkefnum á starfsárinu, m.a. skipun fulltrúa Eflingar á þing Alþýðusambandsins sem fram fór í október 2020. Ný uppstillingarnefnd var kosin á sameiginlegum félags- og trúnaðarráðsfundi þann 15. október 2020.

Kórónuveirufaraldurinn setti félagsstarf Eflingar í talsvert uppnám vorið 2020 og reyndist ekki unnt að halda fundi í trúnaðarráði um vorið af þeim sökum. Á móti kom að í upphafi nýs starfsárs eftir sumarfrí setti stjórn mikla vinnu og undirbúning í að endurvekja starf trúnaðarráðs með breyttum starfsháttum. Til stóð að efna til staðfundar í trúnaðarráði í september en aflýsa þurfti honum vegna hertra sóttvarnarráðstafana. Loks tókst að halda fund 15. október sem var fyrsti fundur trúnaðarráðs með nýju skipulagi. Var hann haldinn á Zoom og tókst það vonum framar að halda fundinn með því fyrirkomulagi.

Frumkvæði stjórnar að því að efla starf trúnaðarráðs Eflingar hefur skilað sér í góðri mætingu á fundi, aukinni virkni og sýnileika trúnaðarráðs. Fastur liður í starfi stjórnar hefur verið undirbúningur trúnaðarráðsfunda en stjórn hefur tímabundið umboð trúnaðarráðs til að velja fundarefni og fundargesti. Stjórn hefur einnig unnið drög að ályktunum fyrir fundi trúnaðarráðs. Nýskipað trúnaðarráð hóf störf í upphafi árs 2021 að fenginni tillögu uppstillingarnefndar og samþykki stjórnar og fráfarandi trúnaðarráðs.

## REKSTRARMÁL

Stjórnin fjallaði að venju nokkuð um starfsemi og rekstur skrifstofu félagsins. Að vori í aðdraganda aðalfundar 2020 fjallaði stjórn um ársreikninga og samþykkti þá. Sex mánaða uppgjör var kynnt 15. október 2020. Rekstrar- og fjárhagsáætlun ársins 2021 var kynnt á stjórnarfundi 10. desember 2020 og samþykkt af stjórn 17. desember 2020. Í aðdraganda aðalfundar 2021 fjallaði stjórn svo um ársreikning félagsins sem unninn var af fjármálastjóra Eflingar og endurskoðunarskrifstofunni Deloitte.

Til að styðja við umfjöllun stjórnar um rekstrarmál voru svíðsstjórar fagsviða skrifstofunnar gestir stjórnarfunda í október og nóvember og kynntu helstu verkefni. Ragnar Ólason og Ingólfur B. Jónsson kynntu starf Kjaramálasviðs á stjórnarfundi 29. október, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir kynnti verkefni Félags- og þróunarsviðs þann 12. nóvember og Ingibjörg Ólafsdóttir kynnti störf Þjónustusviðs þann 26. nóvember. Kynningar svíðsstjóra eru mikilvægur liður í því að stjórn þekki starfsemi félagsins. Í samtölu stjórnar við stjórnendur hafa í mörgum tilvikum fæðst hugmyndir sem síðar hafa orðið að veruleika. Dæmi um það er samstarfshópurinn Kjaran, þar sem unnið er að fræðslu- og kynningarefni tengt kjaramálum.

Meiriháttar fjárfestingar tengdar fasteignum eru jafnan kynntar í stjórn, og bar þar hæst samþykki stjórnar við annan áfanga í smíði orlofshúsabyggðarinnar að Stóra-Fljóti í Biskupstungum auk kaupa á orlofshúsum á Hellishólum og á Hólmavík.

Stjórn fjallaði á árinu um ýmsar breytingar á skipulagi skrifstofunnar. Má þar nefna stofnun starfs aðstoðarframkvæmdastjóra Eflingar, en Ragnar Ólason tók við því starfi í apríl 2020, og sameiningu stoðsviða í eitt rekstrar svíð í upphafi árs 2021 sem leiddi til þess að Ingibjörg Ólafsdóttir tók við nýju starfi rekstrarstjóra.

Á síðustu misserum hefur mikil umbótavinna farið fram á skrifstofum félagsins við að bæta þjónustu og hefur stjórn bæði hvatt og stutt hana. Vert er að

nefna hversu aðgengi erlendra félagsmanna að þjónustu félagsins hefur verið bætt með því að bæta við í starfsmannahóp skrifstofunnar einstaklingum sem tala pólsku, litháisku, rússnesku og fleiri tungumál. Einnig hefur verið tekið upp skilvirk og þægilegt miðakerfi í móttöku skrifstofunnar og þyðingar á heimasíðu hafa aukist til muna. Þá hefur verkefnið „Mínar síður“ notið eindregins stuðnings stjórnar og voru stjórnarmenn sjálfir þátttakendur í prófun kerfisins snemma árs 2021 áður en því var hleypt af stokkunum. Þjónustusvið Eflingar sem stofnað var haustið 2019 með stuðningi stjórnar hefur stutt við allar þessar breytingar. Styrkleikar sviðsins sýndu sig í kórónuveirukreppuni en þjónustukönnun meðal félagsmanna sem sýndi mikla ánaegju með þjónustu félagsins var kynnt á stjórnarfundi 11. mars.

## STYRKIR OG STYRKJANEFND

Stjórn fylgdi því verklagi sem komið var á árið 2019 að vísa styrkbeiðnum að jafnaði til sérstakrar styrkjanefndar stjórnar Eflingar. Þetta fyrrkomulag hefur gefist mjög vel og vinnur styrkjanefnd út frá fyrrirframákvæðinni fjárveitingu auk þess sem hún hefur sett sér ítarlegar verklagsreglur. Styrkjanefnd fer í gegnum allar innsendar styrkumsóknir, tekur afstöðu til þeirra á fundum sínum og leggur fram tillögu fyrir stjórn til samþykktar.

Styrkjanefnd Eflingar hafði á árinu 2020 sex milljónir króna til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun. Meðal styrkja sem samþykktir voru má nefna styrk til samtakanna Pepp – samtök fólks í fátækt, til Hjálparsstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar, Fjölskylduhálpars Íslands og til góðgerðarsamtakanna Fundacja Zabiegani. Styrkjanefnd var endurskipuð í byrjun árs 2021 og sitja í henni fimm meðlimir úr stjórn til samþykktar.

Stjórnin lýsti yfir stuðningi við áskorun frá stjórnarskrárfélaginu um upptöku nýrrar stjórnarskrár.



## **SKRIFSTOFA FORMANNS**

### **RANNSÓKNIR OG AUKIN ÁHERSLA Á STÖRF TRÚNAÐARRÁÐS**

Skrifstofa formanns hefur með höndum samhæfingu innan starfseminnar. Undir skrifstofuna falla einnig kjarasamningagerð, rannsóknir, tengsl við samstarfs- og gagnaðila á vinnumarkaði og í verkalýðshreyfingunni, umsýsla við stjórnir og ráð Eflingar og vinnustaðaeftirlit.

#### **ÖFLUGT RANNSÓKNARSTARF**

Á skrifstofu formanns starfar Stefán Ólafsson prófessor sem sérfræðingur. Hann safnar gögnum, greinir tölfraði og málefni, skrifar umsagnir um lagafrumvörp, málefnaafstöðu, skýrslur og greinar-gerðir. Þá veitir hann ráðgjöf um málefni vinnu-markaðar, lífeyrismál, skattamál og velferðarmál almennt.

Stærsta verk Stefáns á liðnu ári hefur verið viðamikil úttekt á lífeyriskerfinu, uppyggingu þess, virkni, samspili milli lífeyrissjóða og almanna-trygginga, árangri lífeyrissjóða og kjörum lifeyrisþega sem lífeyriskerfið veitir (sjá nánar á [www.lifeyriskerfid.is](http://www.lifeyriskerfid.is)).

Í desember sl. kom út skýrslan *Árangur íslenska lífeyrissjóðakerfisins*, eftir Stefán og Stefán Andra Stefánsson, fjármálahagfraðing. Þar er árangur lífeyrissjóðanna metinn í allþjóðlegum samanburði og út frá algengum mælikvörðum fjármálamarkaða en einnig út frá rekstrarkostnaði og getu til að mæta skuldbindingum til framtíðarkynslóða af lífeyrisþegum.

Á næstunni er væntanleg önnur ítarleg skýrsla um *Kjör lífeyrisþega* þar sem sérstök áhersla er lögð á samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða í mótmú tekna lífeyrisþega. Tekjutengingar með tilheyrandi skerðingum eru þar viðamikið viðfangsefni og er í skýrslunni sýnt fram á hvernig íslensk stjórnvöld hafa farið offari í beitingu skerðinga í almannatryggingakerfinu með þeim afleiðingum að lágtekjuvandi lífeyrisþega er óeðlilega mikill hér á landi. Einnig er þar sýnt fram á hvernig skattbyrði lágtekju-lífeyrisþega hefur stóraukist á liðnum áratugum og allt fram á síðustu ár.

Á árinu vann Stefán einnig skýrsluna *Leið Eflingar út úr kreppunni*, sem birt var á heimasiðu félagsins. Þá hefur hann ritað fjölda greina um þróun atvinnuleysis og lök kjör atvinnulausra, sem og um viðbrögð stjórvalda við Covid-kreppunni. Stefán tekur einnig þátt í starfi sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar, þar sem unnið hefur verið að greinargerðum um einstaka þætti kreppuástandsins, svo sem einkenni kreppunnar, helstu fórnarlömb atvinnuleysis, hvernig byrðum kreppunnar er skipt og æskilegar áherslur í vali úrræða sem miðtaka af hagsmunum launafólks.


## LAUNAKÖNNUN

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi könnun um stöðu launafólks og atvinnulausra á Íslandi í upphafi árs og tóku öll aðildarfélög innan ASÍ og BSRB þátt. Sólveig Anna Jónsdóttir, situr í stjórn stofnunarinnar.

Ljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að Eflingarfólk hefur þurft að axla þyngri byrðar en flestir aðrir á vinnumarkaði.

Eflingarkonur eiga til dæmis mun erfiðara með að ná endum saman heldur en konur í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Alls segjast 43% Eflingarkvenna í spurningarkönnuninni eiga erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman samanborið við 28% kvenna í öðrum aðildarfélögum samtakanna. Samanlagt á 38% Eflingarfólks (karla og kvenna) í könnuninni erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman en hlutfallið er 25% meðal félaga annarra stéttarfélaga.

Atvinnuleysi meðal Eflingarfélaga eftir þjóðerni




Aðeins helmingur Eflingarfélaga býr í eigin húsnæði miðað við þrjá fjórðu félaga annarra aðildarfélaga. Að sama skapi býr tæplega þriðjungur Eflingarfélaga í leiguþúsnaði á almennum markaði en 14% félaga í öðrum aðildarfélögum.

Heilsufar Eflingarfólks er verra en hjá launafólki í öðrum stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB, en samt hefur fleira Eflingarfólk neitað sér um heilbrigðispjónustu af einhverju tagi síðastliðna sex mánuði (54% á móti 34%). Vanskil leigu og lána eru einnig algengari hjá Eflingarfélögum. Niðurstöður könnunarinnar bera þannig flestar að sama brunni.


Af framansögðu er ljóst að verkafólk á Íslandi býr við mun verri kost en félagar í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB og alltof margir þeirra reiða sig á hjálparstofnanir til að lifa af í kreppunni. Kreppan hefur þannig magnað þann ójöfnuð sem fyrir var í samfélaginu, með því að hún leggst með meiri þunga á láglauñafólk en aðra. Skammarlegt er til þess að vita að stjórvöld hafa lítt sinnt því að bæta sérstaklega afkomutryggingu þeirra atvinnulausu, en látið styrki til fyrirtækja ganga fyrir.

Í gögnum Eflingar má sjá að fimm tungur félagsmanna var atvinnulaus síðasta mánuð ársins 2020 og flestir þeirra sem atvinnulausir eru, er fólk af erlendum uppruna eða rúm 67%. Helmingur félagsmanna Eflingar er af erlendum uppruna þannig af þessu má sjá að erlendir félagsmenn eru í mun meiri hættu á að verða atvinnulausir en íslenskir félagsmenn þeirra. Getur þetta ráðist af því að hátt hlutfall starfsfólk í hótel- og veitingageirnum er af erlendum uppruna og hefur samdráttur verið mikill í þeirri grein, sérstaklega í Reykjavík.

## FÉLAGAHÓPURINN 2020



Kynjaskipting



## ÖNNUR BARÁTTU- OG RÉTTINDAMÁL

Eitt stærsta málið eftir að kjaraviðræðum lauk hefur verið stytting vinnuvikunnar á hinum opinbera vinnumarkaði. Hefur Ragnar Ólason, aðstoðar framkvæmdastjóri Eflingar leitt þá vinnu og tekið margar umræður sem snúa að hinum ýmsu hliðum styttingarinnar. Ekki hafa allir vinnustaðir tekið lýðræðislega á málum og hefur félagið þurft að vera í samskiptum við marga vinnustaðir vegna útfærslunnar og krafist þess að samráð sé haft við starfsfólk þegar kemur að styttingunni. Segja má að þeir brestir sem voru þegar til staðar á vinnustöðum komi betur í ljós við styttinguna, undirmönnun, of mikil álag sem leiðir til veikinda og eykur hættu á mikilli starfsmannaveltu og s.frv.

Stytting vinnuvikunnar fyrir dagvinnufolk tók gildi um síðstu áramót og styttingin fyrir tímavinnufolk tekur gildi 1. maí 2021.

## VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Agnieszka Ewa Ziolkowska, varaformaður félagsins, hefur umsjón með vinnustaðaeftirlitini fyrir hönd Eflingar, en vinnustaðaeftirlit stéttarfélaga er einnig að hluta til miðstýrt í gegnum ASÍ. Fulltrúi vinnustaðaeftirlitsins hjá Eflingu er Phoenix Jessica Ramos.

Segja má að heimsfaraldur Covid 19 hafi haft mikil áhrif á vinnustaðaeftirlit á árinu 2020. Vegna takmarkana vegna sóttvarna var ekki hægt að framkvæma aftirlitið stóran hluta ársins. Teymi vinnustaðaeftirlitsins sat þó

ekki auðum höndum. Hlé í eftirlitinu gaf fulltrúunum tækifaði til samstarfs við ASÍ, sem leiddi vinnuna, og þróaði bæði þjálfunaráætlun og nýja handbók fyrir vinnustaðaeftirlit.

Nýja handbókin og þjálfunaráætlun fyrir fulltrúa einblínir á það hvernig best sé að nýta eftirlitið til að vernda réttindi starfsmanna, veita upplýsingar og ná til starfsmanna á staðnum og hvernig best sé að takast á við erfiðar aðstæður en um leið forgangsraða eftir þörfum starfsmanna hverju sinni.

Vinnustaðaeftirlit hefst aftur um leið og takmörkunum verður aflétt.

## NÝTT FYRIRKOMULAG TRÚNAÐARRÁÐS

Trúnaðarráð hefur talsverð völd þegar kemur að mál-efnum félagsins. Ráðið samanstandur af 130 manns, og gerir forstu og starfsfólki stéttarfélagsins kleift að viðhalda sterku sambandi við félagsmenn sína og þar með fylgjast vel með ástandinu í öllum atvinnugreinum á hinum íslenska vinnumarkaði. Ráðið er ekki einungis formleg stofnun innan félagsins heldur einnig vettvangur þar sem félagsmenn geta unnið saman, tengst og skipst á reynslu. Það hjálpar til við að byggja upp kraft, samstöðu og seiglu innan verkalyðshreyfingarnnar.

Stéttarfelagið leitast stöðugt við að efla starfsemi trún-aðarráðsins. Ný framkvæmdaáætlun/stefna fyrir starf ráðsins var slípuð til og sett í framkvæmd í september 2020 í kjölfar samvinnu milli skrifstofu formanns og félags- og þróunarsviðs. Nýju stefnunni er ætlað að bæta aðsókn og þáttöku á fundum ráðsins. Samkvæmt nýju stefnunni býr stjórn Eflingar til dagskrá funda. Trúnaðarráðsfundirnir eru einnig opnir ýmsum hópum félagsmanna, allt eftir umfjöllunarefní funda hverju sinni. Starfsfólk félags- og þróunarsviðs ber ábyrgð á fundarboðum, skráningu og tæknilegri aðstoð. Á hverjum fundi ráðsins eru kynningar eða fyrirlestrar með áherslu á málefni líðandi stundar. Þáttaka trún-aðarráðsfólks er aukin með hópumræðum. Öllum bíðst tækifaði til að vera hópstjóri og kynna niðurstöður hópurumræðu fyrir fundinum. Á flestum fundum er miðað að því að fundurinn samþykki ályktun, gefi út yfirlýsingu eða grípi til aðgerða til að auka samfélagsvitund eða ýta undir pólitískar breytingar. Auk annarra breytinga var mætingarhvata bætt við. Að auki var nýtt svæði á heimasíðu félagsins kynnt sem alfarið er helgað starfi ráðsins. Það veitir meðlimum aðgang að fundargerðum, kynningum, fréttabréfum og öðrum viðeigandi upplýsingum. Stéttarfelagið hóf einnig útgáfu á sér-stöku fréttabréfi mánaðarlega fyrir trúnaðarráð, sem

inniheldur áminningar um fundi sem og fréttir af mik-ilvægum atburðum í samfélagini og í pólitík.

Vegna Covid-19 tók trúnaðarráð 2020/2021 upp nýtt fundarform, rafrænt á Zoom. Allir fundir eru þyddir á ensku með textaþýðingu. Átta fundir trúnaðarráðs voru haldnir starfsárið 2020/2021.

Á fundinum í október 2020 talaði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, um hótanir SA um að segja upp kjarasamningi á almennum vinnumarkaði, almennar aðstæður á vinnumarkaði og ófullnægjandi atvinnuleysisbætur. Einnig samþykkti ráðið nýju framkvæmdaáætlunina/stefnuna. Í nóvember 2020 hlýddi ráðið á fyrirlestur Kristins Más Ársælssonar um vald sjóðfélaga í íslenska lífeyrissjóðakerfinu. Tveir fundir voru haldnir í desember 2020. Á fyrri fundinum var Þórður Snær Júlíusson með kynningu þar sem hann beitti sjónum sínum að félagslegu misrétti og viðbrögðum stjórnvalda við Covid kreppunni. Síðari fundurinn og jafnframt síðasti fundur fulltrúaráðsins sem kjörið var fyrir tímabilið 2019-2020 var svo haldinn 17. desember. Á þeim fundi var kynning á nýjum lista trúnaðarráðs fyrir árin 2021-2022 og hann samþykktur. Ráðið samþykkti einnig ályktun vegna viðbragða stjórnvalda v. Covid kreppunnar, og krafðist aukinna félagslegra réttinda/verndar vegna yfirstandandi efnahagssam-dráttar vegna heimsfaraldurs. Nýtt trúnaðarráð tók til starfa 14. janúar 2021 þar sem hlutverk og starf ráðsins var kynnt. Til að hefja nýja kjörtímabilið á hvetjandi nótum flutti Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, fyrirlestur um sameiginlega baráttu, samningaviðræður og verkföll. Meðlimir ráðsins voru einnig hvattir til að senda tölvupóst til forsætis- og félagsmálaráðherra til að hvetja þá um að efna loforð sín um lög gegn launajófnaði. Á fundinum 11. febrúar flutti Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður stéttarfélagsins VR, fyrirlestur um atvinnulýðræði. Fundur ráðsins í mars 2021 var samtvinnaður félagsfundi félagsins og þar talaði Sólveig Anna Jónsdóttir um vinnu rík-isstjórnarinnar við gerð hinnar umdeildu grænbókar fyrir vinnumarkaðinn. Í apríl 2021 flutti Stefán Ólafsson fyrirlestur sem fjallaði um íslenska lífeyrissjóðakerfið og skerðingar kerfisins á lífeyri sjóðfélaga.

Starf trúnaðarráðsins 2020/2021 einkenndist af nýjungum, nýjum fundarháttum og aukinni þáttöku. Mæting á fundina var misjöfn en var að mestu leyti góð. Meðlimir ráðsins tóku þátt í margvíslegum umræðum og aðgerðum, sem sannar skilvirkni nýrra starfsháttar ráðsins.



## ÞJÓNUSTUSVIÐ

### ÁFRAMHALDANDI PRÓUNARSTARF

Helstu verkefni Þjónustusviðs Eflingar eru þjónusta við Eflingarfélaga á skrifstofu, í gegnum síma og tölvupóst. Undir sviðið fellur öll þjónusta sem tengist sjóðum félagsins, sjúkrasjóði, fræðslusjóði og orlofs-

sjóði. Sviðinu tilheyrir starfsfólk sjóðanna, starfsfólk í móttöku og VIRK ráðgjafar Eflingar eða að jafnaði um 20 manns. Ágústa Hrönn Gísladóttir var ráðin sviðsstóri Þjónustusviðs í apríl á þessu ári.

*Uppbygging þjónustusviðs er með eftirfarandi hætti:*

ÞJÓNUSTUSVIÐ	HELSTU VERKEFNI
<b>Móttaka</b>	Starfsfólk móttöku tekur á móti félagsmönnum sem koma á skrifstofu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum í síma og tölvupósti. Starfsfólk móttöku tekur á móti gögnum eins og styrkumsóknunum í sjúkrasjóð og fræðslusjóð ásamt því að sinna almennri þjónustu við félagsmenn sem koma á skrifstofu Eflingar.
<b>Sjúkrasjóður</b>	Starfsfólk sjúkrasjóðs tekur á móti félagsmönnum sem sækja um sjúkradagpeninga, afgreiðir allar styrkumsóknir og greiðir út sjúkradagpeninga og styrki úr sjúkrasjóði.
<b>Fræðslusjóður</b>	Starfsfólk fræðslusjóðs afgreiðir og greiðir út stofnanastyrki og einstaklingsstyrki úr fræðslusjóði.
<b>Orlofssjóður</b>	Starfsfólk orlofssjóðs sér um gerð leigusamninga og bókanir orlofshúsa, sölu á veiði- og útilegukortum ásamt því að sjá um að afgreiða ferða- og gistiæslætti.
<b>VIRK ráðgjafar</b>	VIRK ráðgjafar aðstoða félagsmenn Eflingar við endurhæfingu eftir veikindi og/eða slys og styðja félagsmenn við að komast aftur út á vinnumarkað.

## ÖFLUGRI ÞJÓNUSTA Í HVERAGERÐI

Í september 2020 hóf störf, nýr starfsmaður Eflingar með aðsetur á starfsstöð stéttarfélagsins í Hveragerði. Með ráðningunni var komið til móts við væntingar félagsmanna á svæðinu um að opna starfsstöðina að nýju eftir nokkra mánaða lokun.

## MIKIL ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU


Í desember 2019 og janúar 2020 framkvæmdu Þjónustusvið og Kjaramálasvið Eflingar, í samvinnu við Maskínu, þjónustukönnun meðal félagsmanna Eflingar. Úrtakið taldi 2.805 félagsmenn og svarhlutfall því 31,6%.

Árið 2020 hefur verið sérstakt í starfsemi sviðsins með tilliti til Covid-19. Móttaka stéttarfélagsins var lokuð meirihluta ársins vegna samkomutakmarkana. Niðurstaða þjónustukönnunar var mjög jákvæð miðað við aðstæður og ekki að sjá annað en að félagsmenn Eflingar séu að jafnaði mjög ánaegðir með þjónustu skrifstofunnar þrátt fyrir lokanir. Skrifstofan hefur unnið markvisst að því að efla og bæta þjónustu og koma þannig til móts við ólíkar þarfir fjölbreytts hóps félagsmanna.

Í þjónustukönnuninni fengu Eflingarfélagar einnig tækifæri til að koma á framfærri ábendingum um úrbætur í þjónustu sem félagið mun hafa að leiðarljósi í áframhaldandi uppbyggingu þjónustunnar.

Af þeim sem tóku þátt í könnuninni, voru 84% mjög eða fremur ánaegðir með þjónustu starfsfólks skrifstofunnar.

Hversu ánaegð(ur)/óánaegð(ur) varstu með þjónustuna sem þú fékkst á skrifstofu Eflingar?



## MÍNUM SÍDUM ÝTT ÚR VÖR

Uppbygging nýrrar þjónustugáttar fyrir félagsmenn hófst með skipulögðum hætti 1.maí 2020. Þjónustugáttar af þessu tagi hefur lengi verið beðið eftir meðal félagsmanna. Niðurstöður þjónustukönnunar leiddu í ljós mikla þörf og eftirspurn eftir þessari tegund þjónustu en Efling hefur hingað til ekki getað boðið félagsmönnum sínum upp á að sækja rafrænt um styrki eða vera í gagnkvæmum tengslum við félagið í gegnum Mínar síður.

Þjónustugáttin var formlega opnuð þann 2.mars 2021. Í þessari fyrstu útgáfu af Mínum síðum geta félagsmenn Eflingar sótt rafrænt um 5 af 10 algengustu styrkjum sjúkrasjóðs. Einnig geta þeir skoðað iðgjaldasögu sína í félaginu aftur í tímann og komist inn á bókunarvef orlofshúsa. Efling er afar stolt af þessu verkefni og vonast svo sannarlega til að Mínar síður einfaldi og flýti fyrir þessari tegund þjónustu við Eflingarfélaga.

## MÓTTAKA

Vegna Covid-19 og samkomutakmarkana í samféluginu lokaði móttaka Eflingar sem hér segir á árinu 2020:

- Lokað frá 16. mars – 4. júní
- Lokað frá 10. ágúst - 18. ágúst
- Lokað frá 5. okt og út árið 2020


Ekki hefur verið hægt að opna móttöku Eflingar á árinu 2021. Ákvarðanir um opnun takmarkast alfarið af samkomutakmörkunum í samféluginu.

## SÍMSVÖRUN Á SKRIFSTOFU EFLINGAR

Þegar félagsmenn Eflingar hringja í aðalnúmer stéttarfélagsins svarað móttakan fyrirspurnum eða áframsendir símtöl til viðeigandi starfsmanna innan skrifstofunnar. Hægt er að velja beint samband við sjúkrasjóð, fræðslusjóð og orlofssjóð þegar hringt er í aðalnúmerið. Hér má sjá fjölda þeirra símtala sem starfsfólk skrifstofunnar svaraði og hringdi út til félagsmanna á síðasta ári samanborið við árið á undan.

## FJÖLDI SÍMTALA Á SKRIFSTOFU EFLINGAR 2020 OG 2019

■ 2020 ■ 2019



Símtolum fjöldaði mjög mikið á meðan móttaka Eflingar var lokað vegna Covid-19.

Eflingarfélagar og starfsfólk skrifstofunnar eiga hrós skilið fyrir það hversu vel gekk að halda uppi þjónustunni prátt fyrir lokanir. Starfsfólk skrifstofu Eflingar í

heild sinni þurfti að aðlaga verklag sitt m.t.t. þess að halda uppi þjónustustigi og framfylgja skyldum sínum sem stéttarfélag. Félagsmenn Eflingar sýndu einstaka þolinmædi og aðlögunarhæfni, þar sem öll þjónusta þurfti að fara fram í gegnum síma og tölvupósta.

## HEIMSÓKNIR Á SKRIFSTOFU EFLINGAR 2020

Í móttöku Eflingar er afgreiðslukerfi þar sem félagsmenn velja sér viðeigandi þjónustu. Hægt er að velja um þrjú tungumál á þjónustuskjá; íslensku, ensku og pólsku.


### Fjöldi heimsókna á skrifstofu Eflingar á árinu 2020

TEG. ÞJÓNUSTU	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	SEPTEMBER
<b>Kjaramál</b>	414	393	250	296	324	140	235
<b>Sjúkrasjóður</b>	360	340	170	167	235	116	229
<b>Orlofsmál</b>	123	105	52	55	12	38	44
<b>Styrkir og annað</b>	1.124	1.176	636	954	1.043	404	724
<b>VIRK ráðgjafar</b>	192	107	65	93	54	59	138
<b>ALLS</b>	<b>2.213</b>	<b>2.121</b>	<b>1.173</b>	<b>1.565</b>	<b>1.668</b>	<b>757</b>	<b>1.370</b>

Að ofan má sjá yfirlit yfir þjónustu og fjölda félagsmanna sem velur hverja tegund þjónustu fyrir sig.

### Hlutfall þjónustutegunda og heildarfjölda heimsókna 2020

Yfir 50% Eflingarfélaga velja „styrki og annað“ og fá þjónustu frá þjónustufulltrúum í móttöku. Fjöldi félagsmanna kemur á skrifstofuna til að ræða við þjónustufulltrúa sjúkrasjóðs eða 15% og alls koma 19% til að hitta kjaramálafulltrúa á Kjaramálasviði Eflingar.



## TÖLVUPÓSTAR



Efling er með eitt aðalnetfang, [epling@epling.is](mailto:epling@epling.is). Það er hægt að senda fyrirspurnir á viðeigandi sjóði eða starfsfólk til að fá svör við fyrirspurnum. Fjöldinn allur af tölvupóstum berst inn á Íþónustusvið sem sér um að svara fyrirspurnum félagsmanna.

## SJÚKRASJÓÐUR

### Styrkir

Árið 2020 voru greiddir úr sjúkrasjóði 7.157 styrkir til 4.938 félagsmanna. Alls voru greiddar 158 milljónir í styrki og lækkuðu greiðslur um rúm 2% á milli ára. Líkamsræktarstyrkur var algengasta tegund styrkjá, þar á eftir gleraugnastyrkur, styrkur vegna krabbameinsskoðunar og endurhæfingar. Þrátt fyrir fækken á heildarfjölda umsókna um tær 14% var aukning á umsóknum um styrki vegna viðtalsmeðferða og sjónlagsaðgerða. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 20-39 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

### Styrkir




Í maí ákvað stjórn sjúkrasjóðs að stofnaður yrði sérstakur starfshópur til að fara yfir styrkjakerfi sjóðsins, þá sérstaklega með tilliti til Minna síðna sem voru í undirbúnungi. Hópurinn lagði fram tillögu seinni hluta árs og samþykkti stjórn breytingar sem einfalda styrkjakerfið og fækka styrkategundum úr 17 í 10. Til varð ný styrkategund sem ber heitið forvarnarstyrkur og var innleiddur við opnun á Mínúm síðum. Í

forvarnarstyrk sameinast styrkir vegna krabbameinskoðana, áhættumats, svefngríma, göngugreiningar og greiningar lesblindu.

### Sjúkradagpeningar

Árið 2020 fengu 940 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga og nam heildarupphæð þeirra 824 milljónum króna. Greiðslur vegna sjúkradagpeninga lækkuðu um 10% á milli ára og fjöldi styrkþega dróst saman um tær 17%. Af þeim sem fengu sjúkradagpeninga voru 55% konur og algengasti aldurshópur umsækjenda var á aldrinum 30-39 ára.

### Sjúkradagpeningar



### Afkoma sjúkrasjóðs

Í byrjun árs 2020 þegar fyrsta bylgja Covid-19 heimsfaraldursins gekk yfir fékk stjórn sjúkrasjóð fyrirtækið Talnakönnun til að gera tryggingarfraðilega úttekt á stöðu sjúkrasjóðs með tilliti til áhrifa kórónuveirufaraldursins. Settar voru upp nokkrar sviðsmyndir og viðmið fyrir stjórn sjúkrasjóðs.

Í apríl var tekin ákvörðun um að sameina bókhald Sjúkrasjóðs og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Sameiningin tók gildi 1. júlí 2020. Sjúkrasjóður Eflingar var rekinn með tapi annað árið í röð fyrir fjármagnstekjur. Sjóðurinn stendur samt sem áður vel.

Styrktarsjóður er sérstakur sjóður undir stjórn sjúkrasjóðs en 5% af iðgjöldum sjúkrasjóðs renna til hans. Þessi sjóður er notaður til sérstakra verkefna og síðustu ár hafa styrkir til félaga á atvinnuleysissskrá verið greiddir úr honum. Styrktarsjóður var einnig rekinn með tapi á árinu.


Nánari upplýsingar um afkomu sjóðanna má finna í ársreikningi Eflingar.

## FRÆÐSLUSJÓÐUR

Árið 2020 voru greiddir samtals 4.501 einstaklingsstyrkir úr fræðslusjóðum Eflingar til 3.652 félagsmanna miðað við 4.875 einstaklingsstyrki árið 2019. Alls voru greiddir 3.025 einstaklingsstyrkir á almenna vinnumarkaðnum og 1.476 einstaklingsstyrkir á opinbera vinnumarkaðinum. Greiddar voru alls 244 milljónir kr. árið 2020 miðað við 226 milljónir kr. árið 2019. Heildarupphæð styrkja var um 8% hærri árið 2020 en árið á undan þrátt fyrir að færri umsóknir hafi borist en aðalástæða þess er líklega sú að vegna afleiðinga heimsfaraldursins var hlutfall endurgreiðslu tímabundið hækkað úr 75% í 90%.

Flestir eða um 80% þeirra sem sóttu um fræðslustyrk voru á aldrinum 20-39 ára.

Félagsmenn af erlendu bergi brotnu voru 48% af þeim sem sóttu um styrki í fræðslusjóði og var hlutfallið svipað og árið á undan. Hér má sjá fjölda styrkja eftir upprunalandi styrkþega.



## ORLOFSSJÓÐUR

Þjónustufulltrúar orlofssjóðs taka á móti félagsmönnum og svara fyrirspurnum í tengslum við orlofssjóð í gegnum síma og tölvupóst. Þjónustufulltrúar sjóðsins sjá um að afgreiða pantanir orlofshúsa, taka við greiðslum og sjá um samningagerð. Auk þess sjá þjónustufulltrúar sjóðsins alfarið um sölu og afgreiðslu Veiðikorta, Útilegukorta, gjafabréfa Icelandair og Úrvals útsýnar auk gisti- og ferðaafslátta. Frekari umfjöllun um orlofshús, uppbyggingu, viðhald og almennan rekstur orlofshúsa, er hægt að nálgast í umfjöllun Rekstrarsviðs Eflingar í ársskýrslunni.

## VIRK RÁÐGJAFAR HJÁ EFLINGU

VIRK ráðgjafar hjá Eflingu á árinu 2020 voru átta talsins. Hlutverk þeirra er að aðstoða félagsmenn Eflingar og styðja þá í endurhengingu og endurkomu á vinnumarkað eftir veikindi eða slys.

Aldursdreifing þeirra félagsmanna Eflingar sem sækja sér þjónustu hjá VIRK er í samræmi við aldurssamsetningu félagsins, þar sem félagsmenn Eflingar eru flestir á aldrinum 20-39 ára. Sérhver Virk ráðgjafi þjónustar á bilinu 40-50 einstaklinga á hverjum tíma. Þjónustan er einstaklingsbundin og sniðin að persónulegum þörfum hvers og eins. Óhætt er að segja að þessi þjónusta sé gríðarlega verðmæt bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið í heild sinni, þar sem einstaklingar eru studdir aftur út á vinnumarkað eftir líkamlegan og/eða andlegan heilsubrest.


## Góður árangur hjá VIRK ráðgjöfum Eflingar

Ráðgjafar VIRK hjá Eflingu hafa frá upphafi útskrifað 52% þjónustuþega sinna full starfsendurhæfða, í vinnu, í virka atvinnuleit eða í lánshæft nám. Undanfarin 3 ár hefur hlutfallið haldist í um 53%, sem verður að teljast góður árangur.

Allar nánari upplýsingar um þjónustu VIRK má finna á heimasíðunni [www.virk.is](http://www.virk.is).

## Framfærsla við upphaf og lok þjónustu hjá þeim sem útskrifuðust árið 2020

og voru í þjónustu VIRK hjá Eflingu



## UMBÓTAVERKEFNI

Á árinu 2021 verður haldið áfram að þróa Mínar síður. Markmið þeirra er fyrst og fremst að auðvelda Eflingarfélögum að sækja um styrki og sjúkradagpenninga. Í næstu uppfærslu af Mínum síðum er ætlunin að ljúka við að gera allar umsóknir úr Sjúkrasjóði og Fræðslusjóði rafrænar.

Eitt af stærri umbótaverkefnum næsta árs, er að setja niður og innleiða þjónustustefnu Eflingar. Markmið þjónustustefnunnar er að gera Eflingu stéttarfélag að eftirsóknarverðu, nútímalegu og framsæknu stéttarfélagi.



## KJARAMÁLASVIÐ Í MÖRG HORN AÐ LÍTA Í HEIMSFARALDRI

Á Kjaramálasviði Eflingar starfa níu kjaramálafulltrúar auk sviðsstjórans Ingólfss Björgvins Jónssonar. Hann tók við starfi sviðsstjóra í marsmánuði 2021 eftir að hafa gegnt starfi aðstoðarsviðsstjóra frá því í maí 2020. Ingólfur tók við starfinu af Ragnari Ólasyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Eflingar.

### AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSMENN AF ERLENDUM UPPRUNA

Á sviðinu starfa kjaramálafulltrúar af þremur þjóðernum. Tveir nýir kjaramálafulltrúar tóku til starfa á liðnu ári, annar af íslenskum uppruna og hinn af pólskum uppruna. Með ráðningu þess síðarnefnda er sterkt stoðum rennt undir þjónustu við fjölmennan hóp Eflingarfélaga af pólskum uppruna á Íslandi. Starfsmenn sviðsins tala flestir tvö eða fleiri tungumál. Meðal þeirra er pólska, litháiska, spænska, rússneska og enska. Þá er leitað til annarra starfsmanna á skrifstofu Eflingar eftir túlkaaðstoð þegar á þarf að halda vegna annarra tungumála.

Á þessu síðasta starfsári náði Kjaramálasvið að aðstoða tæplega 1.100 félagsmenn við erindi sín og voru þeir af 69 þjóðernum eða 13 þjóðernum fleiri en árið á undan.

### RAFRÆN SAMSKIPTI VIÐ FÉLAGA

Skyndilegt hrún í ferðapjónustu í kjölfar heimsfaraldursins varð til þess að hópuppsagnir hrundu inn á borð kjaramálafulltrúa í marsmánuði 2020. Alls var leitað til kjaramálafulltrúa vegna 83 fyrirvaralausra uppsagna á fyrstu tveimur ársfjórðungum. Álagið jókst verulega í kjölfarið. Kjaramálasvið brást m.a. við með því að forgangsraða og setja ítarlegar upplýsingar um uppsagnir og hlutabótaleið ríkisstjórnarinnar á nokkrum tungumálum á heimasiðu félagsins. Upplýsingar af þessu tagi voru af skornum skammti í upphafi faraldursins og sérstaklega á öðrum tungumálum en íslensku.

Stéttarfélagið lokaði fyrir komur Eflingarfélaga á skrifstofu félagsins í samræmi við fjöldatakmarkanir stjórnvalda vegna Covid-19 á liðnu ári. Kjaramálafulltrúar

þurftu því alfarið að reiða sig á síma og tölvupóst í samskiptum sínum við félaga. Engin breyting hefur orðið á þessu.

Netfangið kjaramal@efling.is var stofnað til að taka við erindum Eflingarfélaga í marsmánuði 2020. Kjaramálasvið tók á móti 2.600 tölvupóstum í gegnum netfangið frá 23. mars til 31. maí 2020, en alls bárust 5.900 tölvupóstar á netfangið allt það ár. Tölurnar eru raunar ekki tæmandi þar sem kjaramálafulltrúar tóku á móti óhemju fjölda tölvupósta í gegnum eigin vinnunetföng.

Símalínur sviðsins voru rauðglóandi þegar álagið var sem mest í mars 2020. Því til marks má nefna að kjaramálafulltrúar svörudu 450 símtölum og tóku á móti 393 heimsóknnum í febrúar samanborið við 1.610 símtöl og 250 heimsóknir í mars en móttaka stéttarfélagsins lokaði tímabundið þann 16. mars 2020. Yfir árið 2020 voru heimsóknir til Kjaramálasviðs á skrifstofu Eflingar 2.052 og símtöl til kjaramálafulltrúa samtals 11.687.

## FYRIRVARALAU SAR UPPSAGNIR OG VANGOLDIN LAUN

Margvísleg mál komu til kasta Kjaramálasviðs á starfsárinu. Þar má nefna 121 fyrirvaralausa uppsögn sem flestar tengdust fyrirtækjum í gisti- og veitingaþjónustu. Margar þeirra enduðu í svokölluðu launakröfuerli.

Í lok ársins 2020 voru 22 mál opin á Kjaramálasviði, ýmist var beðið eftir svörum frá atvinnurekendum eða viðbótargögnum frá félagsmanni. Lögmönnum félagsins voru falin 334 mál upp á tæpar 283 milljónir króna til frekari innheimtu, þ.á.m. sneri 121 mál upp á 116,6 milljónir króna að vangoldnum launum vegna gjaldþrota fyrirtækja. Í þeim tilvikum er málum fylgt eftir til skiptastjóra. Ef ekkert fæst úr þrotbúi er kröfum vísað til *Ábyrgðarsjóðs launa*.

Á heildina litið sendi Kjaramálasvið frá sér samtals 445 launakröfur fyrir 326.000.000 kr. á árinu 2020. Meðaltal hverrar launakröfu nemur því 731.000 kr. eða tveggja mánaða launum á lágmarks tekjutryggingu. Árið 2019 var meðaltal hverrar kröfu 429.000 kr. Meðalupphæð launakrafna hækkaði því um 70% á á milli ára.

Efling innheimti tæpar 35 milljónir króna fyrir hönd 103 Eflingarfélaga vegna vangreiddra launa á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Nýskráðum launakröfum á tímabilinu fækkar miðað við fyrri ársfjórðunga, sem skýrist af hruni ferðaþjónustugeirans sökum

kórónuveirufaraldursins. Fækkun krafna kemur því ekki til af góðu og staðfestir þátt ferðaþjónustunnar í brotastarfsemi á vinnumarkaði og nauðsyn þess að gera launþjófnan refsvíðan með lagaheimild á Íslandi. Meðalupphæð hverrar launakröfu fer hækkanandi og nemur nú um tvöföldum meðal-mánaðarlaunum Eflingarfélaga.

Líkt og áður sýna tölur ársfjórðungsins að erlendir félagsmenn eru hlutfallslega líklegrir en aðrir Eflingarfélagar til að þurfa að leita aðstoðar Eflingar vegna vangreiddra launa. Félagsmenn af íslenskum uppruna eru um helmingur félagsmanna en eru aðeins tæpur fjórðungur af þeim sem þurfa að leita aðstoðar.

## MÁLALOK Í MÁLUM VERKAMANNA HJÁ MÖNNUM Í VINNU OG ELDUM RÉTT

Efling hefur stutt dyggilega við bakið á Eflingarfélögum af rúmenskum uppruna sem bjuggu við slæman aðbúnað á vegum starfsmannaleigunnar Menn í vinnu. Aðstæður verkamannanna komust í fréttir í upphafi árs 2019. Þar var sagt frá þróngum húsakosti þeirra í iðnaðarhúsnæði og óeðlilegum vinnuskilyrðum, meðal annars frádrætti af launum vegna húsaleigu án leigusamnings. Efling hefur haft mál þessara félagsmanna til meðferðar allar götur síðan.

Í málinu sótti Efling ekki aðeins hefðbundnar launakröfur á hendur starfsmannaleigunni og í þrotbú hennar heldur krafðist þess einnig að fyrirteki sem leigt höfðu vinnuafl af Mönnum í vinnu sættu ábyrgð með vísun í lög um keðjuábyrgð. Litið hefur reynt á þessi lagaákvæði til þessa, sem eru ný.

Auk þess að sækja mál fyrir dómi studdi Efling vinnu við kærur til Héraðssaksóknara gegn Menn í vinnu og fyrrum stjórnendum þess, sem lagðar voru inn í ágúst 2019 og apríl 2020. Kærurnar eru tilkomnar vegna meintrar ómannuðlegrar og vanvirðandi meðferðar sem varða við lög. Grunur er um að Menn í vinnu hafi nýtt sér bága stöðu mannanna og misnotað til nauðungarvinnu í þágu fyrirtækis síns með fjárhagslega hagsmuni að leiðarljósi. Einnig var kært vegna líkamsárasar. Eru þau mál enn þá í rannsókn hjá Héraðssaksóknara.

Þrjú notendafyrirtæki af þeim fjórum sem skipt höfðu við Menn í vinnu fellust á að gangast í ábyrgð fyrir vangreiddum launum til félagsmannanna. Eitt þeirra, Eldum rétt, skirraðist hins vegar við. Efling leitaði aðstoðar lögmannsstofunnar Réttar við að sækja mál á hendur starfsmannaleigunni, forsvarsmönnum hennar persónulega og Eldum rétt.

Héraðsdómur sýknaði forsvarsmenn starfsmanna-leigunnar og vísaði frá málum á hendor leigunni sjálfri og Eldum rétt. Frávísunin byggir ekki á efn-isumfjöllun um tiltekin brot, heldur á túlkun gjaldþrotalaga og laga um starfsmannaleigur. Sú túlkun Héraðsdóms rýrir mjög gildi laga um keðjuábyrgð og eykur hvata til þess að nota gjaldþrot sem undanskotsleið frá launagreiðslum.

Þrátt fyrir að í dómi Héraðsdóms séu kröfur vegna ólögmæts frádráttar ekki viðurkenndar greiddi Ábyrgðarsjóður launa að endingu stóran hluta þeirra krafna auk annarra launakrafna. Voru greiðslur vegna þessa loksins afgreiddar til félagsmannanna í apríl 2021, samtals 9,5 milljónir vegna 38 einstaklinga. Vangreidd laun og ábyrgð vegna óeðilegra vinnuskil-yrða láglauнаfólks voru því að endingu greiddar úr ríkissjóði eins og svo oft áður. Efling mun ekki sækja málín frekar og er þeim lokið af hálfu félagsins.

Fjallað hafði verið um starfshætti Manna í vinnu í Kveik-þætti á RÚV haustið 2018. Þá er rétt að taka fram að Efling hefur áður þurft að gera fjölda launakrafna í þrotabú starfsmannaleiga undir stjórn sömu aðila. Starfsmannaleigan Verkleigan, sem tengdir aðilar ráku, fór í þrot fyrri hluta árs 2018 og innheimti Efling 80 launakröfur í þrotabú hennar. Kjaramálasvið og lögfræðingar Eflingar þekkja starfshætti og vinnubrögð þessara aðila vel, og eru þau eitt sorglegasta dæmið um það refsi- og afleiðingaleyzi sem óprúttirnir aðilar á íslenskum vinnumarkaði nýta sér.

Með því að vekja athygli almennings á málinu og draga aðila til ábyrgðar fyrir dómistólum hefur Efling sýnt einbeittan vilja til að standa vörð um hagsmuni hinna verst settu á íslenskum vinnumarkaði og verja þá fyrir brotum. Málið sýnir þó hversu langt er í land að verkafólk hljóti nægilega vernd gagnvart óprúttum atvinnurekendum og hversu mjög er á brattann að sækja fyrir erlent verkafólk að tryggja umsamin lágmarkskjör. Sérstaklega er hryggilegt að Samtök atvinnulífsins hafi stutt við málflutning starfsmanna-leigunnar og notendafyrirtækja hennar.

## FJÖLBREYTT VERKEFNI

Starfsmenn og svíðsstjóri höfdu í mörg önnur horn að líta á liðnu starfsári. Verkefnin snoru m.a. að verklagi starfsmanna, t.a.m. uppsetningu á stöðluðum bréfum til stofnana eins og Vinnumálastofnunar (VMST). Með sama hætti var innleitt nýtt fyrirkomulag við upplýsingagjöf og gagnaöflun.

Á árinu 2020 aðstoðuðu kjaramálafulltrúar 1.086 Eflingarfélaga með formlegum hætti. Þá sinntu starfsmenn 298 svokölluðum almennum samskiptum, annars vegar bréfaskriftum til atvinnurekenda til að áréttá ýmis réttindi og hins vegar bréfaskriftum til opinberra stofnana. Alls voru 30 bréf skrifuð sérstaklega vegna brota á úrræðum vegna Covid-19, t.a.m. hlutabótaleiðinni og styrkja til greiðslu launa á uppsagnarfesti.

Þrátt fyrir fordæmalausa tíma náðu starfsmenn svíðsins að sinna kennslu á trúnaðarmannanámskeiðum Eflingar með hefðbundnum hætti og í gegnum fjarfundabúnað. Jafnframt var unnt að sinna fræðslu til nemenda í framhaldsskólam líkt og sérfræðingar Eflingar hafa gert í áraraðir.

Eflingu bárust á árinu samtals 452 atvinnuleyfi til umsagnar frá Vinnumálastofnun sem starfsmenn Kjaramálasviðs og formaður Eflingar fara yfir með hliðsjón af því hvort farið sé eftir ákvæðum kjara-samninga um laun og önnur atriði. Sú nýbreytni var einnig tekin upp að hefja útgáfu ársfjórðungsskýrslna Kjaramálasviðs á starfsárinu 2020. Skýrslurnar hafa vakið athygli fjölmíða og fengið ágætis viðbrögð úr ýmsum áttum.



## FÉLAGS- OG ÞRÓUNARSVIÐ

### SVEIGJANLEIKI Á FORDÆMALAUSUM TÍMUM

Félags- og þróunarsvið Eflingar tókst á við krefjandi áskoranir af tvennu tagi á árinu 2020 og upphafi ársins 2021. Annars vegar tókst sviðið á við langvinnar ver�fallsaðgerðir og hins vegar afleiðingar heimsfaraldurs Covid-19 á aðstæður Eflingarfélaga og almenna starfsemi stéttarfélagsins.

Á sviðinu starfa auk sviðsstjórans Önnu Gunnhildar Ólafsdóttur níu manns í þremur teymum *fræðslumála, félagamála og kynningarmála*. Með samvinnu teymanna er stuðlað að aukinni samlegð og þar með markvissari árangri í kjarabaráttu stéttarfélagsins og þjónustu við félagsmenn.

#### ÁRANGURSRÍK SAMSTAÐA

Allir starfsmenn Félags- og þróunarsviðs (FP) lögðust á eitt í upptakti og aðgerðum í tengslum við ver�fallsaðgerðir gagnvart Reykjavíkurborg frá 17. febrúar til 10. mars á síðasta ári. Efnt var til þriggja samstöðu- og baráttufunda í Iðnó, opins samningafundur í sama húsnæði, blaðamannafundar í Braggaum, mótmælastöðu við setningu Jafnréttisþings og samráðsfundar með borgarstarfsmönnum í Gamla bíó.

Kjarabaráttta Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg bar yfirskriftina *Borgin er í okkar höndum*. Þar var

áhersla lögð á að leiða fram Eflingarfélaga til að varpa ljósi á aðstæður og kjör verkafólks í samfélagslegu samhengi. Herferðin vakti mikla athygli, ekki síst stutt myndbönd með frásögnum einstaklinga í sjónvarpi, á samfélagsmiðlum og örðrum netmiðlum.

Skammt var stórra högga á milli í kjarabaráttu Eflingar í upphafi ársins 2020. Um svipað leytti og samkomulag náðist um markverðar kjarabætur til láglaunfólks hjá ríki og borg hófst baráttu fyrir sömu kjarabótum gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) fyrir hönd félagsmanna í sambærilegum störfum hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, í Hveragerði og Ölfusi.

SÍS þráaðist við að taka viðræðurnar alvarlega með þeim afleiðingum að grípa þurfti til ver�fallsaðgerða gagnvart sveitarfélögnum þann 9. mars. Starfsmenn FP aðstoðuðu Eflingarfélaga við að fylgja aðgerðunum eftir með undirskriftarlistum og áskorunum til sveitarstjóra fjölmennstu sveitarfélaganna.

Fresta þurfti ver�föllum gagnvart SÍS vegna heimsfaraldurs Covid-19 þann 25. mars. Aðgerðirnar hófust að nýju þegar faraldurinn hörfði tímabundið og skiluðu loks kjarasamningum við SÍS á svipuðum nótum og gagnvart ríki og borg þann 10. maí. Gengið var frá

kjarasamningum við aðra samningsaðila Eflingar á haustdögum.

Breyttar aðstæður í kjölfar heimsfaraldurs kölluðu ekki aðeins á breyttar áherslur í starfseminni. Aðlagu þurfti viðburði eins og aðalfund að fyrirmælum stjórnvalda, endurskipuleggja viðburði, fundi og fræðslu til að hægt væri að koma henni til skila með rafrænum hætti, aðstoða Eflingarfélaga við að tileinka sér raf-rænar boðleiðir og taka í sumum tilvikum upp nýjar leiðir til samskipta.

### DROP-INN SLÆR Í GEKN

Hrun í atvinnuþáttöku varð til þess að áhersla var lögð á stuðning við atvinnulausa, einkum Eflingarfélaga af erlendum uppruna. Fræðsluviðburðir *fræðslumála* undir yfirskriftinni Drop-Inn á íslensku, ensku og pólsku slógu í gegn meðal atvinnulausra og annarra Eflingarfélaga á árinu. Markmið framtaksins var í senn að rjúfa félagslega einangrun atvinnulausra, veita fræðslu og stuðning í atvinnuleysi.

Aðeins reyndist unnt að efna til þriggja Drop-Inn viðburða í húsakynnum Eflingar vegna samkomutakmarkana. *Fræðslumál* létu þó ekki deigan síga og héldu áfram útsendingu Drop-Inn fræðsluviðburða í samvinnu við *kynningar* í gegnum Facebook-síðu Eflingar. Áhorf fór upp í hátt í 1.400 manns á hvert erindi. Gefin voru ráð í atvinnuleit, fjallað um sjálfsumhyggju, seiglu, jóga og húmor í daglega lífinu svo dæmi séu nefnd.

Boðið var upp á sérsniðin námskeið fyrir atvinnulausa Eflingarfélaga undir yfirskriftinni *Aftur til vinnu* á íslensku og ensku síðsumars. Aðeins sóttu 48 manns námskeiðið þrátt fyrir öfluga kynningu. Nokkuð meiri áhugi reyndist á persónulegri ráðgjöf fyrir atvinnulausa í samvinnu við Mími á yfirstandandi ári. Ráðgjöfin er veitt á íslensku og ensku og með túlkapjónustu yfir á önnur tungumál.

Haldin voru námskeið í umönnun í samvinnu við heilbrigdisráðuneytið og Mími. Náminu er ætlað að auðvelda atvinnulausum að skipta um starfsvettvang. Jafnframt var boðið upp á fagnámskeið, starfslokánámskeið og námskeið um skattamál. Í samstarfi við kjaramálasvið voru haldin námskeið um almenn réttindi og fylgdust 590 manns með námskeiðinu á ensku, 792 á íslensku og 4.400 á pólsku og eru þau enn aðgengileg á Facebook síðu félagsins.

Af öðrum sérstökum verkefnum fræðslumála má nefna að starfsmenn teymisins aðstoðuðu fórnarlömb og aðstandendur bruna við Bræðraborgarstíg að sækja

sér réttindi til stéttarfélagsins. Þá tók sviðsstjóri tók þátt í samráðsvettvangi um brunavarnir fyrir hönd ASÍ.

### EFLINGARKÓLI Í BÍGERÐ

Hafist var handa við að efla fræðslu um ofbeldismál á vettvangi stéttarfélagsins. Birtar voru ítarlegar upplýsingar um úrræði í ofbeldismálum og hafin samvinna við Stígamót um gerð og dreifingu upplýsingaefnis á 10 tungumálum. Efling tekur þátt í gerð fræðsluefnis um heimilisofbeldi og mansal fyrir trúnaðarmenn undir forystu Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. Stefnt er að því að fræðslan verði hluti af fræðslu í framhaldsskólam og á fagnámskeiðum. Þá skipulögðu *Fræðslumál* með stuttum fyrirvara velheppnaðar umræður á Kynjapíngi með þáttöku Sóloveigar Önnu Jónsdóttur, formanns Eflingar, um kjör verkakvenna.

Þróun *fræðslumála* heldur áfram með hliðsjón af þörfum félaga og áherslu stjórnar á yfirstandandi ári. Þar ber hæst stofnun Eflingarskóla og þróun svokallaðrar Almennirrar brautar innan skólans. Markmið skólans er að vekja Eflingarfélaga til vitundar um stéttabaráttu, áhrifamátt fjöldans og einstaklinga til að ýta undir jöfnuð og aðrar jákvæðar samfélagsbreytingar.

*Félagamál* og *fræðslumál* bera ábyrgð á fjölgun, fræðslu, endurmenntun og stuðningi við trúnaðarmenn. Teymið sendi hvatningu um kosningu trúnaðarmanna og boð um aðstoð við rafrænar kosningar í tölvupósti til vinnustaða með fleiri Eflingarfélaga en 20 talsins. Sendingunni var fylgt eftir með hefðbundnu bréfi ef ekki var brugðist við. Átakið skilaði 55 nýjum trúnaðarmönnum og endurkosningu 8 trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn Eflingar voru 242 í árslok.

### ÖFLUGUR STUÐNINGUR

*Fræðslumál* bjóða trúnaðarmönnum upp á fjögur fræðslunámskeið í samvinnu við Félagsmálaskóla allþýðu á íslensku og ensku. Átak var gert í skipulagningu skráningar, umgiðræð og framkvæmd námskeiðanna. Samhlíða var tekin upp fræðsla um starfsemi og þjónustu stéttarfélagsins við upphaf fyrsta námskeiðsins. Á árinu var boðið upp á 7 trúnaðarmanna-námskeið sem alls 81 trúnaðarmaður sótti.

Trúnaðarmenn leituðu óvenjumikið til *félagamála* í tengslum við heimsfaraldurinn á árinu. Teymið greiddi úr fjölda erinda, vísaði öðrum til *Kjaramálasviðs* og/eða annarra sviða innan Eflingar og átti frumkvæði að því að styðja heildarhópinn, t.a.m. með því að bjóða trúnaðarmönnum í spjallhópa á Facebook.

Trúnaðarmenn hjá hinu opinbera tóku virkan þátt í kjarabaráttu stéttarfélagsins á vormánuðum.

*Félagamál* lögðu áherslu á nýtingu rafrænna leiða til að miðla fræðslu og stuðningi til Eflingarfélaga. Teymið miðlaði fræðsluefni og fjórum kennslu-myndböndum á jafn mörgum tungumálum undir yfirskriftinni *Pekktu réttindi þín* til Eflingarfélaga. Í myndböndunum er fjallað um uppsagnir á tímum Covid-19, hlutabótaleiðina, almennar öryggisráðstafanir á vinnustöðum á tímum Covid-19 og sérstaklega í ræstingarstörfum.

Teymi félagamála bætti um betur með fræðsluefni til ræstingarfólks um nýjungar í kjarasamningi í upphafi yfirstandandi árs. Samhliða var unnið að kennslu-myndbandi á fjórum tungumálum til birtingar á vefsíðu félagsins. Þá aðstoðaði teymið Skrifstofu formanns við framkvæmd rafrænna trúnaðarráðsfunda.

Starfsmenn *félagamála* og *kynningarmála* efndu til samstarfs við fulltrúa Kjaramálasvið um þróun/ miðlun kjaramálafræðslu innan fræðsluhópsins *Kjarans* og um svörun Eflingarfélaga á samfélagsmiðlum í gegnum samstarfið *Informers* í upphafi ársins 2020. Á vegum *Kjarans* var kennsluefni framhaldsskólafræðslunnar uppfært og fluttar nokkrar kynningar í framhaldsskólamálinu. Stefnt er að því að þýða kennsluefnið á ensku í því skyni að útvíkka fræðsluna til framhaldsskólanemenda af erlendum uppruna.

## RAFRÆN MIÐLUN Í BRENNIDEPLI

*Kynningarmál* taka þátt í flestum verkefnum FP með einum eða öðrum hætti, vinna með öðrum sviðum innan skrifstofunnar ásamt því að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Mikið mæddi á starfsmönnum teymisins í langvinnum verkföllum og viðbrögðum við Covid-19 heimsfaraldurinn á árinu.

Efn var til fjölda viðburða, blaðamannafunda, þriggja baráttufunda í Iðnó og mótmælastöðu í tengslum við kjarabaráttu við opinbera eins og áður er getið. Stutt myndbönd með viðtölum við Eflingarfélaga vöktu sérstaka athygli meðal almennings eins og áður er getið. Með sama hætti vöktu vandaðar auglýsinga-herferðir athygli, t.a.m. í tengslum við baráttuna fyrir féviti vegna launajónfnaðar og verkföll gagnvart hinu opinbera.

*Kynningarmál*in brugðust við heimsfaraldrinum með áherslu á rafræna miðlun, t.a.m. reglugundnum upplýsingapóstum, gagnlegum upplýsingum á heimasíðu,

rafrænum kosningum, rafrænni ráðstefnu, streymi frá viðburðum og fraðslu á bord við Drop-Inn viðburðum.

Sameiginleg ritstjórn allra miðla Eflingar stuðlaði að markvissari árangri í nýtingu og miðlun upplýsinga til Eflingarfélaga. Ritstjórnin vann ritstjórnarstefnu, verklagsreglur og leiðbeiningar til talsmanna stéttarfélagsins úr hópi starfsmanna. Þar er lögð áhersla á öfluga, framsækna upplýsingamiðlun, gott aðgengi að hvers kyns upplýsingum og vönduð vinnubrögð við vinnslu og framsetningu efnis.

Heimsfaraldurinn olli töfum í vinnu við nýja heimasíðu Eflingar. Heimasíðunni verður ýtt úr vör í byrjun sumars 2021. Nýja heimasíðan felur m.a. í sér nýjungar á borð við aðgengilega uppflettingu launakjara eftir starfsheitum, viðburðadagatal og myndbandssvæði. Heimasíðan verður spegluð á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.

Sú nýjung að fækka tölublöðum Eflingarblaðsins í þrjú tölublöð, Orlofsblað, Fræðslublað og Tímarit Eflingar og gefa allan texta út á íslensku og ensku hlaut góðar undirtektir. Tímarit Eflingar um veruleika verkafólks af erlendum uppruna hlaut sérstaka athygli. Samhliða útgáfu Tímaritsins var efnt til rafrænnar ráðstefnu undir yfirskriftinni *Mannamunur á vinnumarkaði* í samstarfi við Starfsgreinasambandið og Alþýðusamband Íslands. Ráðstefnan þótti vel heppnuð og hlaut talsverða athygli í fjöldiðum.

*Kynningarmál* lögðu aukna áherslu á myndræna miðlun á árinu. Mörg hundruð nýjar ljósmyndir af Eflingarfélögum við störf sín voru nýttar í ýmis konar útgáfu og framsetningu á samfélagsmiðlum. Með sama hætti var hleypt af stokkunum vinnu við sérstaka stefnu um efnistök á facebook og Instagram Eflingar. Gamlar og nýjar ljósmyndir voru vistaðar og gerðar aðgengilegar í *Fotoware* vistunarþúnaði frá Pekkingu. Síðast en ekki síst unnu *kynningarmál* í samvinnu við *Skrifstofu formanns* að nokkrum hlaðvarpsþáttum á árinu. Þróun hlaðvarpsins verður haldið áfram á yfirstandandi ári, m.a. með tilraunum á pólsku hlaðvarpi.

## MED VON Í BRJÓSTI

Óhætt er að segja að starfsmenn FP hafi brugðist við erfiðum áskorunum í starfsemi stéttarfélagsins af sveigjanleika og brautseigu á árinu 2020. Með sama hætti er ljóst að samvinna teymanna þriggja varð þéttari og sannaði gildi sitt í árangursríkri vinnu við krefjandi aðstæður á árinu.



## **MANNAUÐS- OG SKRIFSTOFUSVIÐ**

### **FJÖLBREYTTUR BAKGRUNNUR, ÞEKKING OG REYNSLA**

Á skrifstofu Eflingar starfa að jafnaði um 58 manns við dagleg störf. Starfsfólk skrifstofunnar hefur fjölbreyttan bakgrunn, þekkingu og reynslu og spannar starfsaldur þess 4 mánuði til 25 ára. Um 20% starfsfólks er af erlendum uppruna og talar fleiri en tvö tungumál. Þessi tungumálafærni auðveldar starfsfólki að koma til móts við þarfir sístækkandi hóps erlendra Eflingarfélaga.

Mannauðs- og skrifstofusvið sinnir fjölbreyttum verkefnum t.a.m. umsjón með skrifstofu Eflingar, starfsmannamálum, skjalamálum, tölvu- og tæknimálum, mótneyti starfsmanna og umsjón með fasteigninni í Guðrúnartúni í samstarfi við aðra eigendur hússins. Í byrjun árs 2020 störfuðu þrír á svíðinu, svíðsstjóri, skjalastjóri og matráður í mótneyti starfsmanna. Haustið 2020 var bætt við mannaudinn á svíðinu og sérfræðingur í mannaudsmálum og annar starfsmaður í mótneyti starfsmanna, bættust í hópinn. Því fylgdaði starfsmönnum á svíðinu í 5 árið 2020.

Mannauðs- og skrifstofusvið hefur lagt áherslu á að bæta og innleiða verklag í mannaudsmálum t.a.m. móta og innleiða starfsmannastefnu Eflingar, koma á mánaðarlegum starfsmannamaelingum og leggja grunn að starfsmannahandbók. Framundan eru fjölmörg spennandi þróunarverkefni í starfsmannamálum Eflingar, t.a.m. samvinna við starfsfólk um bætta menningu og upplýsingagjöf. Tölvu- og tæknimál hafa skipað

stóran sess á árinu og er starfsfólk orðið sveigjanlegra en áður eftir að hafa þurft að takast á við aukna fjarvinnu vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Allur tölvubúnaður starfsfólks er nú miðaður við fjarvinnu og reynt að tryggja að vinnuaðstaða sé með besta móti.

Starfsfólk Eflingar hefur sýnt að aðlögunarhæfni þeirra á breyttum tínum er til fyrirmynadar en komið hefur verið upp kerfi sem gerir starfsfólki okkar kleift að koma til vinnu í Guðrúnartúni 1 sem og að vinna að heiman í fjarvinnu. Nýsamþykkt skjalastefna tryggir örugga meðferð og vörlu skjala hjá félaginu. Eitt af umbótaverkefnum sviðsins er innleiðing skjalakerfis og er stefnt að því að kerfið verði tekið í notkun á árinu 2021.

### **NÝTT REKSTRARSVIÐ**

Frá og með 8. febrúar 2021 tók til starfa nýtt svið á skrifstofu Eflingar, Rekstrarsvið, sem fer með innri sameiginleg rekstrarmál skrifstofunnar. Undir nýtt svið teljast starfsmenn og verkefni sem áður voru undir eldra Rekstrarsviði (fjármál og bókhald, rekstur orlofshúsa o.fl.) og Mannauðs- og skrifstofusvið (mannauðsmál, húsnaðismál, upplýsingatækni o.fl.). Eru þessi mikilvægu stoðsvið og verkefni þeirra nú sameinuð undir einum hatti í því skyni að einfalda og auka samvinnu og stuðla að markvissara verklagi á skrifstofunni.



## REKSTRARSVIÐ ÖFLUGT UTANUMHALD

Rekstrarsvið er stoðsvið við önnur svið félagsins og stýrður við innra starf þess. Það annast rekstur og fjármál, bókhald, launamál og mannaudsmál, áætlanagerð og rekstur og umsjón orlofshúsa. Hlutverk sviðsins er með öðrum örðum að sjá til þess að reikningar og styrkir séu tímanlega greiddir, til sé nægt handbært fé til greiðslu reikninga og styrkjá, ávöxtun fjármuna, rekstur og viðhald orlofshúsa sé í samræmi við stefnu stjórnar, réttar upplýsingar séu settar inn í bókhald félagsins og að stjórn og stjórnendar fái áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins eins fljótt og verða má. Innan sviðsins er unnin rekstraráætlun sem gengur þvert á alla sjóði og svið félagsins. Slík vinna er á allan hátt holl fyrir félagið en var framkvæmd í fyrsta skiptið 2018. Sviðið vinnur í nánu samstarfi við öll önnur svið Eflingar og hefur einhvern snertiflót við hvern einasta starfsmann félagsins. Þann 1. febrúar 2021 tók Ingibjörg Ólafsdóttir til starfa sem rekstrarstjóri þessa nýja sviðs. Hún gegndi áður starfi sviðsstjóra Þjónustusviðs.

### MIKIL UMSVIF OG UPPBYGGING HJÁ ORLOFSSJÓÐI

Óhætt er að segja að umsvif orlofssjóðs Eflingar séu nú meiri en nokkru sinni fyrr. Markvisst hefur verið unnið að því að auka framboð orlofshúsa og fjölgan

nýjum eignum. Einnig hafa verið keyptar húseignir í bæjarfélögum á landsbyggðinni sem notið hafa vin-sælda til orlofsdvalar.

Orlofssjóður hafði undirbúið þessar breytingar um langt skeið, meðal annars með því að hagræða í rekstri svo ekki hefur þurft að koma til skuldsetningar vegna þessarar uppbyggingar. Sjóðurinn var þannig vel undir það búinn að takast á við þessi stóru verkefni.

Mikill einhugur er innan félagsins um að standa myndarlega að þessum málaflokki og gera sífellt betur í því að gefa félagsmönnum kost á að njóta orlofs við bestu aðstæður og á góðum og sanngjörnum kjörum.

### Aldrei meiri eftirspurn

Undanfarin ár hefur verið unnið af krafti við að undirbúa og setja af stað hið stóra verkefni í Reykholti í Bláskógabyggð sem er bygging orlofshúsahverfis í eigu Eflingar. Alls verða byggð þar 12 glæsileg hús og verða þau öll komin í fulla útleigu seinnihluta ársins 2021. Um mitt ár 2020 var lokið við fyrri byggingaráfangann, 6 hús sem afhent voru félaginu 26. júní 2020. og hafa þau verið í fullri notkun síðan. Óhætt er að segja að eftirvæntingin hafi verið mikil meðal félagsmannna enda reyndin orðið sú að eftirspurnin er meiri en

nokkurn tíma áður. Augljóslega var full þörf á þessari viðbót við orlofshúsaflóruna og félagsmenn kunna greinilega vel að meta hana, enda staðurinn afskaplega vel í sveit settur og á besta stað á Suðurlandi með tilliti til fjölmargra náttúruperla í nágrenninu. Einnig ríkir mikil eftirvænting eftir þeim húsum sem tekin verða í notkun síðar á árinu 2021.

Svo stórt verkefni sem þetta kallar á mikil utanumhald og skipulagningu margra aðila. Óhjákvæmilega fylgja því einnig ákveðnir vaxtaverkir þar sem samræma þarf marga þætti og tekur slíkt alltaf talsverðan tíma. Í heildina hefur þó öll framkvæmdir gengið vel og áfallalaust og til mikils sóma fyrir alla sem að verkefninu hafa komið.

### Viðamikill rekstur víða um land

Þó verkefnið í Reykholti sé það fyrirferðamesta hjá orlofssjóði nú um stundir er að sjálfsögðu fjölmargt annað í gangi eins og eðlilegt er þegar að rekstri svo margra húseigna kemur. Í dag eru 65 orlofshús og íbúðir í eigu orlofssjóðs Eflingar og hefur þeim fjölgáð um 15 á skömmum tíma. Daglegur rekstur húsanna er kjarninn í starfi sjóðsins og mikil utanumhald þarf til að að tryggja að þau séu ávallt í sem bestu ástandi. Elstu húsin í eignasafninu eru yfir 50 ára gömul en hafa verið tekin í allsherjar endurnýjun og eru í ótrúlega góðu ástandi miðað við aldur.

Þannig eru sifellt í gangi framkvæmdir við að yngja upp eldri eignirnar og má þar telja orlofsbyggðirnar í Ölfusborgum þar sem eru 10 hús í eigu Eflingar, Svignaskarð þar sem eru 16 eignir og Akureyri með 7 íbúðir en á þessum stöðum hefur verið endurbætt verulega bæði utan- og innanhúss undanfarið. Einnig hefur verið bætt við nýjum húsum í orlofsbyggðinni Svignaskarði og verður það nýjasta einmitt tekið í notkun síðar á árinu 2021.

### Önnur þjónusta orlofssjóðs

#### - áhrif Covid 19

Til viðbótar því að fjölga orlofshúsum til að mæta síaukinni eftirspurn hefur sjóðurinn boðið upp á ýmislegt annað orlofs- og frístundatengt. Sala á Útilegu- og Veiðikortinu hefur verið snar þáttur í starfseminni enda á afar góðum kjörum fyrir félagsmenn. Ferðaávísanir sem gilda sem niðurgreiðsla hjá ferðapjónustuaðilum hafa verið mjög eftirsóttar auk gistiafsláttu sem gilda sem niðurgreiðsla hjá innlendum þjónustuaðilum. Alls voru ferða- og gististyrkir um 1.200 á síðasta ári og orlofshúsabókanir tæplega 2.500.

Óhjákvæmilega hafði Covid-19 mikil áhrif á starfsemi orlofssjóðs eins og á allt samfélagið. Kom til nokkuð víðtækra lokana orlofshúsa þegar verstu bylgjurnar gengu yfir og þurfti að fella niður fjölda leigusamninga og einnig dagsferðirnar sem fyrirhugaðar voru sumarið 2020 um Borgarfjörð. Má reikna með að kostnaður við endurgreiðslur vegna þessa hafi numið rúmlega 9 milljónum króna.



## GILDI-LÍFEYRISSJÓÐUR 2020

### STARFSEMI GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS Á ÁRINU 2020

Árið 2020 var hagstætt í rekstri Gildis lífeyrissjóðs þrátt fyrir óvissu á mörkuðum vegna Covid-19. Skráð hlutabréf, bæði innlend og erlend, skiluðu góðri ávöxtun auk þess að ávöxtun annarra eignaflokka var að jafnaði ágæt þó hún væri lægri. Hrein nafnávöxtun samtryggingardeilda nam 13,6% sem skilaði hreinni raunávöxtun upp á 9,7%.

#### Hrein nafn- og raunávöxtun

	HREIN NAFNÁVÖXTUN	HREIN RAUNÁVÖXTUN
<b>Samtryggingardeild</b>	13,6%	9,7%
<b>Framtíðarsýn 1</b>	13,5%	9,7%
<b>Framtíðarsýn 2</b>	11,3%	7,5%
<b>Framtíðarsýn 3</b>	4,0%	0,5%

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2020 námu alls 19,3 milljörðum kr., en voru 17,7 ma.kr. árið 2019. Ellilífeyrir nam 12,3 mö.kr., örorkulífeyrir 5,7 mö.kr., makalífeyrir 1,0 ma.kr. og barnalífeyrir 173 milljónum kr. Hjá samtryggingardeilda voru ellilífeyrisþegar 15.907, örorku-

lífeyrisþegar 6.582, makalífeyrisþegar 2.060 og 1.118 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 25.667.

Á árinu 2020 greiddi 6.419 launagreiðandi iðgjöld til sjóðsins fyrir 51.882 sjóðfélaga og námu iðgjaldagreiðslur samtals 32,1 ma.kr. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 246.054 í árslok og rétthafar í séreignardeild sjóðsins 36.864. Þar af áttu 705 sjóðfélagar rétt í tilgreindri séreign.

#### EIGNIR OG REKSTRARKOSTNAÐUR

Gildi-lífeyrissjóður skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeilda til greiðslu lífeyris nam 757,6 mö.kr. í árslok 2020 og hækkaði á árinu um 102,2 ma.kr. Hrein eign séreignardeilda nam 6,1 ma.kr. í árslok 2020. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar í lok ársins 2020 samtals 417 milljónum. Innan tilgreindrar séreignardeilda eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2019 nam 1,1 ma.kr. en af því námu launagreiðslur 665,2 milljónum.

Starfsmenn sjóðsins voru 39 í árslok 2020 samanborið við 40 starfsmenn í lok árs 2019. Stöðugildi voru 39,5 á árinu 2020 og hafði fjöldað um 2,9 milli ára.

## ÖRORKULÍFEYRIR

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyr-isgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Gildi hefur nýtt framlagið til þess að hækka réttindi lífeyrispega og greiðandi sjóðfélaga. Framlagið nam rúmlega 2,0 ma. kr. á árinu 2020 og voru réttindi hækkuð um 4% á grundvelli þeirra.

## TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeilda sjóðsins miðað við árslok 2020. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 46,4 ma.kr. eða um 4,0% og batnaði um 0,3% milli ára. Ljóst er að miklar breytingar verða á stöðu sjóðsins þegar spá um hækkandi lífslíkur á komandi áratugum verður tekin með í nýjar eftirlifendatöflur sem væntanlega taka gildi við næstu tryggingafræðilegu úttekt. Ekki hefur verið ákveðið hvernig auknum skuldbindingum verði mætt, en líklegt er að það verði gert með því að hækka ellilífeyrisaldur sjóðfélaga og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

## SJÓÐFÉLAGALÁN

Árið 2020 veitti sjóðurinn alls 987 ný sjóðfélagalán að fjárhæð 14,5 ma.kr. Um nokkrar fækkun er að ræða í fjölda lána og lánsupphæðin lækkaði jafnframt, en árið áður voru veitt 1.359 lána að fjárhæð 22,0 ma.kr. Þennan samdrátt í lánveitingum má meðal annars rekja til þess að bankar lækkuðu vexti á fasteignalánum þegar leið á árið. Lánamarkaður er kvíkur um þessar mundir og margir lánþegar nýttu tækifærð, tóku ný bankalán og greiddu upp eldri lífeyrissjóðslán. Gildi fór ekki varhluta af þessari þróun en á síðari hluta ársins, þ.e. frá þurjun júlí til loka desember námu uppgreiðslur sjóðfélagalána umfram nýjar lánveitingar alls tæplega 4,8 mö.kr. Á fyrrí hluta ársins var þessu öfugt farið þegar lánveitingar voru um 3,8 mö.kr. umfram uppgreiðslur. Samtals tóku sjóðfélagar lán að verðmæti 14,5 ma.kr. á árinu 2020 á sama tíma og uppgreiðslur lána námu 15,5 mö.kr. Uppgreiðslur voru því næri milljarði umfram nýjar lánveitingar.

## COVID-19

Útbreiðsla Covid-19 hafði umtalsverð áhrif á starfsemi Gildis á árinu 2020. Strax í mars þurfti sjóðurinn að loka skrifstofum sínum fyrir viðskiptavinum og síðar í sama mánuði var starfsmannahópnum skipt í tvennt þannig að á hverjum degi vann helmingur starfsfólks heima og hinn helmingurinn á skrifstofum sjóðsins. Hvor hópur fyrir sig vann heima two til þrjá daga í viku en hina dagana á skrifstofunni. Var þetta gert til að draga úr smithættu en einnig til að koma í veg fyrir að starfsmannahópurinn í heild þyrfti að sæta sóttkví á sama tíma. Útbreiðsla faraldursins hafði mikil áhrif á efnahag heimsins og verðþróun á verðbréfamörkuðum, sérstaklega í upphafi ársins, og drjúgur tími hefur farið hjá sérfraeðingum sjóðsins í eignastýringu, stjórnendum og stjórn að fylgjast með stöðu mála. Stjórnvöld brugðust við efnahagsástandinu með margvíslegum aðgerðum, meðal annars var opnað fyrir að sérstakar útgreiðslur séreignarsparnaðar og lánþegar gátu fryst afborganir lána sinna. Margir sjóðfélagar Gildis nýttu sér þessi úrræði.

## STEFNUR OG SAMÞYKKTIR

Í samþykktum Gildis er meðal annars að finna reglur um hlutverk, tilgang og starfsemi sjóðsins. Einig er þar fjallað um réttindi sjóðfélaga og skyldur, skipan og umboð stjórnar sem og ársfund. Samþykktum sjóðsins var breytt á ársfundi 2019 og tóku þær gildi 1. júlí 2019 eftir staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Starfsfólk Gildis starfar í samræmi við samþykktir sjóðsins en einig eftir skýrt mörkuðum stefnum þar sem markaðar eru áherslur sjóðsins í málum á borð við fjárfestingar, áhættusækni, áherslur sjóðsins sem hluthafa, starfskjör starfsfólks, persónuvernd og fleira. Allar stefnur sjóðsins eru rýndar reglulega og þeim breytt þegar þörf þykir. Fjárfestingarstefna sjóðsins er endurnýjuð árlega og var nýjasta útgáfa hennar samþykkt af stjórn 26. nóvember 2020. Áhættustefna sjóðsins er endurskoðuð a.m.k. árlega m.t.t. áhættusniðs sjóðsins og var ný útgáfa af henni samþykkt af stjórn 25. febrúar 2021. Breytingarnar snuru m.a. að auknu samræmi milli áhættuþáttta, eftirlitsaðgerða og eftirfylgni þeirra. Einig var lögð áhersla á skráningu ábyrgðarmanns aðgerða og ferlið um tilkynningu frávika skerpt. Aðrar stefnur tóku ekki breytingum á árinu 2020.



## MENNINGARVERÐMÆTI

### ÝMIS VERKEFNI TENGD SÖGULEGUM MINJUM OG SKJÖLUN, OG VARÐVEISLU ÞEIRRA



#### SKJÖL BOÐANS TIL HÉRAÐSSKJALA- SAFNS ÁRNESINGA

Haustið 2020 barst Eflingu ósk frá héraðsskjala- verði Héraðsskjalasafns Árnésinga um að safnið fengi til varðveislu skjöl Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans í eigu Eflingar. Boðinn sameinaðist Eflingu árið 2009 og starfaði í Þorlákshöfn og Hveragerði. Starfssvæði stéttarfélagsins fellur því undir Árnessýslu. Þau skjöl sem Efling átti frá félaginu voru fundagerða- bækur af stjórnarfundum, trúnaðarráðsfundum og félagsfundum. Slíkar upplýsingar eru mikilvæg gögn fyrir sögu Árnessýslu þar sem almenningur myndi hafa aðgang að skjölunum. Opið aðgengi að þeim myndi einnig auka líkurnar á að fræðimenn skoðuðu skjölín og skrifuðu sögu Boðans. Þess má geta að litlar upplýsingar eru til um Boðann aðrar en áðurnefnd skjöl. Héraðsskjalasafn Árnésinga var stofnað árið 1985 fyrir sveitarfélögum Bláskógbabyggð, Flóahrepp,

Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerðisbæ, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Árborg og Ölfuss. Safnið tekur á móti skjölum, sinnir eftirliti, viðhaldi og ráðgjöf um skjalahald og skjalavörslu. Héraðsskjalasafnið safnar skjölum sem hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi sveitarfélög. Safnið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn og fellur undir Þjóðskjalasafn. Safnið leggur áherslu á að gera upplýsingar og mikilvæg gögn aðgengileg almenningi á netinu. Safnið heldur þegar utan um skjöl Verkalýðs- og sjómannafélagsins Bjarma, Bárunnar og Þórs. Safnið mun setja upp sérstakan flipa á heimasíðu sinni fyrir skjöl verkalýðsfélaga. Héraðsskjalasafnið er staðsett á Selfossi en hugmyndir eru uppi um að opna nýtt safn í Þorlákshöfn. Stjórn Eflingar samþykkti þann 17.09.2020 að gefa safninu gögn Boðins í þeirri trú að þau verði gerð aðgengileg almenningi.



# EFLING FÆR FORLÁTA KLUKKU AÐ GJÖF

Afkomendur Þorláks G. Ottesen höfðu samband við Eflingu á nýja árinu varðandi 180 cm stálklukku sem Þorlákur átti. Þorlákur var yfirverkstjóri við Faxafloáhöfn og mjög vel liðinn yfirmaður í mörg ár. Verkamennirnir sem unnu undir stjórn Þorláks gáfu

honum þessa klukku þegar hann var fertugur árið 1934. Á klukkunni er skjöldur til staðfestingar á því að verkamennirnir gáfu Þorláki þessa gjöf. Klukkan er stór og staðileg og gengur enn þann dag í dag. Klukkunni verður fundinn verðugur staður í húsa-kynnum Eflingar við Guðrúnartún.



# SAMSTARF VIÐ REYKJAVÍKURAKADEMÍ- UNA UM BÓKASAFN DAGSBRÚNAR

Haustið 2020 var sett upp bráðabrigðastjórn fyrir Bókasafn Dagsbrúnar. Í henni sitja framkvæmdarstýra Reykjavíkur Akademíunar, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, og skjala- og verkefnastjóri Eflingar, Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir. Bókasafn Dagsbrúnar er staðsett í Pórunnartúni 2 og er opið almennungi. Hægt er að skoða bækur, tímarit og annað efni en

ekki er haegt að taka bækur að láni. Hins vegar hefur bókasafnið verið að vinna að því að koma upp nýrri aðstöðu í Þórunnartúni 2 þar sem þægilegt verður að koma að sitja og kynna sér heimildir um verkalýðsmál. Efling er rekstraraðili safnsins.

Að ofan sjást Anna Þorbjörg og Sólveig Anna, formaður Eflingar, undirrita nýjan samstarfssamning um varðveislu safnsins í lok aprílmánaðar 2021.



## FJÁRHAGUR EFLINGAR 2020

Ársreikningur Eflingar samanstendur af samstæðureikningi sjó sjóða Eflingar en þeir eru: Félagsjóður, Vinnudeilusjóður, Fræðslusjóður, Sjúkrasjóður, Styrktarsjóður, Endurhæfingarsjóður og Orlofssjóður. Samstæðureikningurinn er fremst í ársreikningnum en yfirlit sjóðanna sjó eru í töflum aftar í reikningnum.

### REKSTUR OG AFKOMA

Afkoma ársins 2020 var lituð af heimsfaraldrinum af völdum Covid-19 og vinnudeilum. Iðgjaldatekjur lækkuðu milli ára um 6,7% og námu 2,2 milljörðum króna. Rekstrargjöld hækkuðu hins vegar milli ára eða um 16,7% og munar þar mest um útgreiðslur úr Vinnudeilusjóði upp á 461 milljón króna. Afkoma fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 516 milljónir króna en var jákvæð árið áður um 24 milljónir. Fjármagnsliðir ársins voru 467 milljónir samanborið við 516 milljónir árið á undan. Afkoma Eflingar var neikvæð um 48 milljónir króna samanborið við jákvæða afkomu upp á 540 milljónir árið áður og skýra útgreiðslur vegna verkfalla stærstan hluta þessarar breytingar.

### EIGIÐ FÉ

Eiginfjárstaða Eflingar er sterk, eignir félagsins eru að mestu leiti bundnar í traustum skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum, orlofshúsum, fasteignum og lóðum. Heildareignir félagsins eru tæpir 13,4 milljarðar króna. Skuldir nema 392 milljónum króna og er eigið félagsins því tæpir 13 milljarðar króna í árslok 2020.

### FÉLAGSMENN

Greiðandi félagsmenn á árinu 2020 voru 37.128 eða 4.067 færri en árið áður. Af þeim voru 20.730 karlar og 16.758 konur. Þar sem sumir greiða einungis hluta úr ári reiknast meðalfjöldi þeirra sem greiddu til Eflingar á árinu 26.801.

### LAUNAGREIÐENDUR

Fjöldi launagreiðenda sem greiða í félagið fyrir starfsmenn sína heldur áfram að fylga milli ára og voru þeir samtals 3.467 á árinu 2020 samanborið við 3.427 árið áður.

## FÉLAGSSJÓÐUR

Iðgiöld Félagssjóðs eru 0,7% af öllum launum. Af þeim iðgiöldum renna 15% í Vinnudeilusjóð og 6% í Fræðslusjóð.

Eigið fé Félagssjóðs nam tæpum 2,3 milljörðum króna í árslok 2020 og lækkaði um 1,8% frá upphafi ársins.

## VINNUDEILUSJÓÐUR

Í Vinnudeilusjóð renna 15% af iðgiöldum félagssjóðs og má því segja að 0,1% af öllum launum renni í hann.

Eigið fé Vinnudeilusjóðs nam tæpum 2,8 milljörðum króna í árslok 2020 og lækkaði um 9% frá upphafi ársins. Á árinu stóð félagið í nokkuð hörðum vinnudeilum og útgreiðslum úr sjóðnum vegna þessa.

## FRÆÐSLUSJÓÐUR

Í Fræðslusjóð renna 6% af innheimtum iðgiöldum félagssjóðs og má því segja að 0,04% af öllum launum renni í hann.

Eigið fé Fræðslusjóðs nam um 204 milljónum króna í árslok 2020 og jónst um 0,8% frá upphafi ársins.

## SJÚKRASJÓÐUR

Fjölskyldu- og styrktarsjóður og sjúkrasjóð voru sameinaðir á síðasta ári. Umsamin iðgiöld í Sjúkrasjóð eru framlag launagreiðenda upp á 0,75% til 1%.

Þrátt fyrir að iðgiöld til sjóðsins hafi dregist saman um 11% þá nam eigið fé Sjúkrasjóðs 5,8 milljörðum í árslok 2020 og hafði aukist um 2,2% frá upphafi ársins.

## STYRKTARSJÓÐUR

Iðgiöld Styrktarsjóðs er 5% framlag af innheimtum iðgiöldum úr Sjúkrasjóði. Bætur og styrkir úr sjóðnum árið 2020 námu 104% af iðgjaldtekjum en námu 69% árið á undan.

Eigið fé Styrktarsjóðs nam 188 milljónum króna í árslok 2020 og lækkaði um 2% frá upphafi ársins.

## ENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Rekstur þessarar deildar hjá Eflingu er ein af lykilstoðum í því stóra verkefni að draga úr örorkubyrði meðal félagsmanna. Aðsókn vegna starfsendurhæfingar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og eru líkur á að þessi starfsemi geti dregið úr útgreiðslum úr sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum.

Deild þessi er ekki rekin með sjóðsöfnun í huga.

## ORLOFSSJÓÐUR

Umsamin iðgiöld Orlofssjóðs er 0,25% - 0,33% framlag launagreiðenda. Auk þess hefur Orlofssjóður tekjur af útleigu orlofshúsa.

Eigið fé Orlofssjóðs sem er að stórum hluta bundið í orlofshúsum og orlofsbyggðum nemur 1,8 milljarði króna í árslok 2020 og breyttist ekki yfir árið.

	IÐGJALD GREITT	VIÐSEMJANDI				STJÓRN
		SA	RÍKID	RVK	SÍS	
<b>Sjúkrasjóður</b> <b>Styrktarsjóður Eflingar</b>	Af launagr.	1,00%	0,75%	0,75%	0,75%	Stjórn sjúkrasjóðs
	Af iðgj. í sjúkrasj.		5%			
<b>Orlofssjóður</b>	Af launagr.	0,25%	0,50%	0,30%	0,60%	Stjórn orlofssjóðs
<b>Endurhæfingarsj. (VIRK)</b>	Af launagr.		0,10%			VIRK
<b>Félagssjóður</b>	Af félagsmanni		0,70%			Félagsstjórn
<b>Vinnudeilusjóður</b>	Af iðgj. í félagassj.		15%			Stjórn vinnudeilusjóðs
<b>Fræðslusjóður Eflingar</b>	Af iðgj. í félagassj.		6%			Stjórn fræðslusjóðs



## SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2020

### EFNISYFIRLIT

	Bls.
Áritun óháðs endurskoðanda.....	32-33
Skýrsla stjórnar .....	34
Samstæðureikningur .....	35-46
Samandreginn reikningur .....	47-50

## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna Eflingar-stéttarfélags

### ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020 efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020 í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

### GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar síðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORMANNS Á SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar stéttarfélags. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 29. apríl 2021

**Deloitte ehf.**

Benóní Þorfi Eggertsson  
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson  
endurskoðandi

**Áritun skoðunarmanna**

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið þennan samstæðuársreikning og með tilvísun til áritunar endurskoðanda félagsins leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 29. apríl 2021

Andrea Jóhanna Helgadóttir

Leó Reynir Ólason

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Samstæðuársreikningur Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Gjöld umfram tekjur á árinu 2020 nema kr. 48.162.849. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 13.363.280.409 bókfært eigið fé í árslok er kr. 12.971.162.522 og er eiginfjárlutfall félagsins 97,07%.

Stjórn félagsins vísar í samstæðuársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun ársins.

Megin hlutverk Eflingar stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum Efling stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölbætta þjónustu á þessum sviðum.

Það er álit stjórnar Eflingar stéttarfélags að í samstæðuársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí þróun á árinu. Stjórn Eflingar stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2021

### Í STJÓRN

Sólveig Anna Jónsdóttir

Stjórnarformaður

Agnieszka Ewa Ziolkowska

Daniel Örn Arnarsson

Eva Ágústsóttir

Felix Kofi Adjahoe

Guðmundur J. Baldursson

Innocentia Fati

Jóna Sveinsdóttir

Kolbrún Valvesdóttir

Michael Bragi Whalley

Ólöf Helga Adolfsdóttir

Stefán E. Sigurðsson

Úlfar Snæbjörn Magnússon

Zsófia Sidlovits

Þorsteinn M. Kristjánsson

Viðar Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Iðgjöld .....		2.151.651.313	2.305.868.712
Leiga á orlofshúsum .....		52.624.163	50.923.890
Aðrar tekjur .....	3	136.371.118	115.653.324
		<u>2.340.646.594</u>	<u>2.472.445.926</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Iðgjöld og skattar .....		132.229.355	131.558.257
Bætur og styrkir .....		1.452.820.343	1.113.072.993
Rekstur orlofshúsa .....		136.905.544	144.301.476
Annar kostnaður orlofssjóðs .....		7.156.768	6.766.431
Námskeið félagsmanna .....		4.354.823	9.705.594
Kynningar og markaðsmál .....		76.145.886	80.782.801
Fundir, útgáfa og ferðir félagsmanna .....		21.327.651	29.519.325
Kostnaður v/kjarasamninga .....		30.160.310	16.083.884
Skráningarpjónusta iðgjalda .....		84.032.375	86.638.097
Laun og launatengd gjöld .....	4	675.414.869	584.387.118
Annar rekstrarkostnaður .....	5	189.516.930	197.764.685
Afskriftir fastafjármuna .....	9	46.163.822	47.881.008
		<u>2.856.228.676</u>	<u>2.448.461.669</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>			
		(515.582.082)	23.984.257
Fjármunatekjur .....	6	179.765.508	262.953.400
Fjármagnsgjöld .....	7	(6.606.186)	(6.800.864)
Gengisbreyting verðbréfa .....	8	377.358.768	397.510.844
Fjármagnstekjkuskattur .....	17	(83.098.857)	(138.085.184)
<b>Gjöld umfram tekjur</b>		<u>(48.162.849)</u>	<u>539.562.453</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Orlofshús .....	9	1.414.693.445	1.151.866.279
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi .....	10	437.355.929	466.333.362
Áhöld, tæki og innréttningar .....	10	39.546.687	56.569.396
Veitumannvirki Hvammi .....	10	3.212.959	3.212.959
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	11	100.000	100.000
Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir .....	12	5.277.373.075	5.158.768.944
Bundnar innstæður .....	13	5.262.743.560	5.435.591.132
		<u>12.435.025.655</u>	<u>12.272.442.072</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi iðgjöld .....	14	354.863.388	378.226.166
Viðskiptakröfur .....	15	14.552.856	5.676.069
Aðrar skammtimakröfur .....	15	31.642.808	51.327.130
Handbært fé .....	15	527.195.702	827.927.021
		<u>928.254.754</u>	<u>1.263.156.386</u>
<b>Eignir</b>		<u>13.363.280.409</u>	<u>13.535.598.458</u>

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020**

	Skyr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	<b>16</b>		
Sérstakur endurmatsreikningur .....		253.560.460	401.552.748
Óráðstafað eigið fé .....		12.717.602.062	12.765.764.911
<b>Eigið fé</b>		<b>12.971.162.522</b>	<b>13.167.317.659</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur .....	17	211.439.415	217.323.548
		<b>211.439.415</b>	<b>217.323.548</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	18	180.678.472	150.957.251
		<b>180.678.472</b>	<b>150.957.251</b>
<b>Skuldir</b>		<b>392.117.887</b>	<b>368.280.799</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>13.363.280.409</b>	<b>13.535.598.458</b>

## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Gjöld umfram tekjur .....		(48.162.849)	539.562.453
Afskriftir .....	10	46.163.822	47.881.008
(Lækkun), hækkun skuldbindinga .....		(5.884.133)	58.404.720
Verðbætur og gengismunur af eignum og skuldum .....		(360.567.198)	(395.891.081)
<b>Veltufé (til) frá rekstri</b>		<u>(368.450.358)</u>	<u>249.957.100</u>
Rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun).....		34.170.313	(16.237.754)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		29.721.222	32.623.408
<b>Handbært fé (til), frá rekstri</b>		<u>(304.558.823)</u>	<u>266.342.754</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir (keyptir) .....	10	(410.983.134)	(172.476.021)
Skuldabréf seld (keyptir) .....		337.906.259	(26.195.920)
Afborganir skuldabréfa .....		266.458.544	262.616.350
Verðbréf (keypt) .....		(362.401.737)	(1.989.259)
Bundnar bankainnstæður lækkun (hækkun).....		172.847.572	(244.710.069)
		<u>3.827.504</u>	<u>(182.754.919)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(300.731.319)	83.587.835
Handbært fé í upphafi árs .....		827.927.021	744.339.186
Handbært fé í lok árs .....		<u>527.195.702</u>	<u>827.927.021</u>

## SKÝRINGAR

### 1. STARFSEMI

Efling-stéttarfélag var stofnað í desember 1998 og tók til starfa um áramótin 1999. Félagsmenn eru um 28.000 Aðalskrifstofa félagsins er að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Skrifstofan á Suðurlandi er að Breiðamörk 19 í Hveragerði. Efling-stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík..

Meginhlutverk Eflingar-stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölpætta þjónustu á þessum sviðum.

### 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Eflingar-stéttarfélags er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskila-reglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

#### Mat og ákvarðanir

